



*Pílagrímsferðir kristinna
manna*

Hin helga upplifun eða venjuleg ferðamennska

Guðrún Karólína Pétursdóttir

*Lokaritgerð til BA gráðu í ferðamálafræði
við Háskólann á Hólum*

Haust 2013

Staðfesting lokaritgerðar til BA gráðu í ferðamálafræði

BA ritgerðin : Pílagrímsferðir kristinna manna – Hin helga upplifun eða venjuleg ferðamennska

eftir : Guðrúnu Karólínu Pétursdóttur

180668-3309

hefur verið metin fullnægjandi samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Hólum.

Hólum, _____

Umsjónarmaður lokaverkefna

Leiðbeinandi

Skóli:	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Deild:	Ferðamáladeild
Fag:	BA – lokaritgerð
Heiti verkefnis:	Pílagrímsferðir kristinna manna- Hin helga upplifun eða venjuleg ferðamennska
Verktími:	Febrúar 2013 – september 2013
Nemandi:	Guðrún Karólína Pétursdóttir
Leiðbeinandi:	Guðrún Helgadóttir
Upplag:	2
Blaðsíðufjöldi:	56
Fjöldi viðauka:	
Staður og dagsetning:	Kópavogur 14.september 2013
Úgáfu- og notkunarréttur:	Opin

Abstract

For a long time religion has been the motivation for travel and in recent years religious travel has grown tremendously. Pilgrimage is one of the oldest forms of religious travel and the purpose of this paper is to look at Christian pilgrimage and how it is connected to tourism. To evaluate this connection the following four questions will be asked:

What are the similarities and differences between past and present pilgrimages?

Is the purpose for a pilgrimage the same today as it was in the past?

Is a sacred site sacred or is it a typical tourist place?

Is the pilgrim a tourist or is the tourist a pilgrim?

The data used for this research is all secondary data. The main conclusions show that a lot of similarities are with past and present pilgrimages but still there are more differences. The purpose for past and present pilgrimages remains the same at some levels but the main difference lies in the tourists perspective of the experience. A sacred place is a tourist place and a pilgrim is a tourist but the question whether the tourist is a pilgrim is more debatable but looks to be individualized.

Keywords: Religious travel, pilgrimage, sacred place, heritage, experience.

Útdráttur

Trúarbrögð hafa verið hvati ferðalaga frá örófi alda og hefur umfang trúarbragðaferðamennsku aukist mikið undanfarin ár. Pílagrímsferðir eru eitt elsta form ferðamennsku og eru pílagrímsferðir kristinna manna þar engin undantekning.

Í þessari ritgerð er leitast við að varpa ljósi á pílagrímsferðir kristinna manna og hvernig þær tengjast ferðamennsku. Fjórar spurningar voru lagðar fram til að meta þessi tengsl. Reynt var að varpa ljósi á hvað er líkt og ólíkt með pílagrímsferðum nútíðar og fortíðar og skoðað hvort tilgangur slíkra ferða hafi breyst í gegnum tíðina. Áfangastaður pílagrímans er helgur staður og því var kannað hvort að helgur staður sé ferðamannastaður og hvort pílagríminn sé ferðamaður eða ferðamaðurinn pílagrími. Við þessa rannsókn var eingöngu unnið út frá gögnum sem þegar lágu fyrir en engum gögnum var sérstaklega safnað vegna hennar. Helstu niðurstöður sýna að ýmislegt er líkt með pílagrímsferðum nútíðar og fortíðar en þó er meira sem er ólíkt. Tilgangur ferða er að sumu leyti sá sami í nútíð og fortíð en munurinn liggur þó mestur í skynjun upplifunar. Helgur staður er greinilega ferðamannastaður og pílagrími er ferðamaður en hvort að ferðamaður sé pílagrími er umdeilanlegra en hallast er að því að það sé einstaklingsbundið.

Lykilorð: Trúarbragðaferðamennska, pílagrímsferðir, helgur staður, menningararfur, upplifun

Þakkarorð

Bestu þakkir vil ég færa dætrum mínum Hönnu Margréti og Maríu Ósk fyrir að hafa skilning á námi mömmu sinnar. Sambýlismaður minn Guðjón Einarsson fær bestu þakkir fyrir þolinmæði og umhyggjusemi.

Háskólinn á Hólum fær þakkir fyrir skemmtilegt nám og Guðrún Helgadóttir leiðbeinandi minn fær þakkir fyrir leiðbeiningar og uppbyggilega gagnrýni.

Bestu þakkir fær Þórdís Arnardóttir vinkona mín fyrir yfirlestur og gagnrýni.

Að lokum vil ég þakka almættinu fyrir að vera til staðar fyrir mig því aldrei fyrr hefur eins mikið gengið á í mínu lífi eins og á meðan á skrifum þessarar ritgerðar stóð.

Þessi ritgerð er tileinkuð minningu elskulegrar ömmu minnar Karólínu Pétursdóttur sem var minn klettur í lífinu og sagði svo oft við mig að það væri aldrei of seint að fara í skóla.

Efnisyfirlit

Abstract.....	3
Útdráttur.....	4
Þakkarorð.....	5
Efnisyfirlit.....	6
Myndaskrá.....	8
Töfluskrá.....	8
1. Inngangur.....	9
Markmið og uppbygging ritgerðar.....	10
2. Trúarbragðaferðamennska.....	12
2.1 Samband ferðamennsku og trúarbragða.....	14
2.2 Samband ferðamennsku og trúarbragða útfrá trúfræðilegu sjónarhorni.....	15
3. Pílagrímsferðir.....	18
3.1 Hvað eru pílagrímsferðir ?.....	18
3.2 Saga kristinna pílagrímsferða.....	20
3.3 Pílagrímsleiðir.....	21
3.4 Santiago de Compostela.....	22
3.5 Vegur Ólafs helg – St Olavs Way.....	24
4. Hinn helgi áfangastaður – menningararfur eða ferðamannastaður.....	26
4.1 Hinn helgi staður.....	26
4.2 Helgur staður eða menningararfur.....	27
4.3 Hinn helgi staður eða ferðamannastaður.....	29
5. Pílagrími eða ferðamaður.....	31
5.1 Ferðamennska og ferðamaðurinn.....	31
5.2 Rannsóknir og kenningar um tengingu trúarbragða og ferðamennsku.....	32
5.3 Upplifunin.....	35
5.4 Pílagrími eða ferðamaður – Ferðamaður eða pílagrími.....	36
6. Framtíðarhorfur.....	38
6.1 Breytingar á pílagrísum og pílagrímsferðum.....	38
6.3 Nútíma pílagríminn – Vöxtur nútíma pílagrímsferða.....	38
6.4 Niðurstöður á meginbreytingar í rannsóknum á pílagrímsferðum.....	39
7. Aðferðafræðin.....	42

8. Niðurstöður	45
8.1 Trúarbragðaferðamennska.....	45
8.2 Pílagrímsferðir.....	45
8.3 Hinn helgi áfangastaður.....	46
8.4 Pílagrími eða ferðamaður.....	46
8.5 Framtíðarhorfur.....	47
9. Umræður	49
9.1 Hvað er líkt og ólíkt með pílagrímsferðum fortíðar og nútíðar?.....	49
9.2 Er hinn helgi staður ferðamannastaður?.....	50
9.3 Er tilgangur pílagrímsferða sá sami í fortíð og nútíð?.....	50
9.4 Er pílagrími ferðamaður eða er ferðamaður pílagrími?.....	51
10. Lokaorð	52
11. Heimildaskrá	53

Myndaskrá

Mynd 1: Pílagríms – ferðamannaás.....34

Mynd 2: Skipting sjálfsskynjunar hjá kristnum pílagrímum.....37

Töfluskrá

Tafla 1: Hvað er sameiginlegt með pílagríma og ferðamanni.....51

1. Inngangur

Ferðalög, trúarbrögð og helgistaðir tengjast sterkum böndum og hafa gert frá örófi alda. Trúarbrögð hafa verið hvati ferðalaga í gegnum tíðina og margir hafa ferðast langar leiðir í nafni trúarinnar. Menning og listir eru oftar en ekki samofin trúarbrögðum samfélaga og má sjá það jafnt hérlendis sem erlendis. Á ferðalögum eru skoðunarferðir oft stór partur af ferðinni og er þá oft farið á staði sem tengjast trúnni beint eða óbeint. Má þar nefna listsöfn sem mörg hafa til sýnis listaverk af trúarlegum toga og má sem dæmi nefna mynd Leonardo da Vinci af síðustu kvöldmáltíð Krists. Vatíkanið í Róm og frægar kirkjur eins og Notre Dame í París eru meðal þessara vinsælu ferðamannastaða enda eru þessir staðir samofnir sögu og menningu þjóða sinna

Helgistaðir og helgisíðir kristinnar trúar eru sýnilegir á margan máta og gætir áhrifa þeirra í byggingalist, tónlist og myndlist. Sem dæmi um þess konar byggingalist má nefna Péturskirkjuna í Róm sem staðsett er í Vatíkaninu en Vatíkanið er einn af mörgum helgum stöðum kristinnar trúar. Eins má nefna dæmi úr myndlist, en mörg listaverk sýna Krist á krossinum á Golgata hæð í Landinu helga, einum mesta helgistað kristinnar trúar.

Það má líta á það sem leit að menningararfi þegar fólk heimsækir helgistaði, oft verður upplifunin svo sterk að fólk fyllist lotningu og forvitni gagnvart fortíðinni.

Trúin hefur líka verið umdeild og í hennar nafni hafa þjóðarmorð, hryðjuverk og stríð verið háð. Því miður virðist frétttaflutningur varðandi trúarbrögð oft vera á neikvæðu nóttunum en með það í huga varð val á viðfangsefni þessarar ritgerðar til. Þær fáu jákvæðu fréttir sem birtast okkur hafa flestar eitthvað með pílgrímsferðir að gera. Hver kannast ekki við að horfa á fréttir sem sýna þúsundir múslima fara í pílgrímsferðir til Mekka eða myndir af hindúum að baða sig í Ganges fljótinu á Indlandi. Þar sem Kristni er algeng á Vesturlöndum velti höfundur fyrir sér hvers vegna slíkar myndir af kristnum pílgrímum væru ekki eins algengar. Einu myndirnar sem komu upp í hugann voru myndir frá Vatíkaninu í Róm þar sem Páfinn messar yfir lýðnum. Forvitnin vaknaði og ákveðið var að skrifa um ferðalög kristinna manna með áherslu á pílgrímsferðir.

Orðið pílgrímsferð fær mann til að ímynda sér miðaldamann á langri leið til helgistaðar. Þrátt fyrir að miklir erfiðleikar og hremmingar geti mætt honum á þessari ferð þá heldur hann ótrauður áfram því í nafni trúarinnar vill hann öðlast syndaaflausn eða fá bót meina sinna. Pílgrímsferðir eiga rætur að rekja til miðalda og það endurspeglast í orðinu pílgrímsferð sem er dregið af latneska orðinu peregrin-um, en það þýðir, sá sem kemur frá ókunnum stað. Það tengist svo hinni almennu skilgreiningu á orðinu pílgrímsferð sem merkir það að ferðast

langa leið að helgum stað til að sýna fram á guðrækni. Þó að þessi skilgreining á hugtakinu pílgrímsferð kunni að hafa verið sú algengasta fram á tuttugustu öld þá hefur það breyst, en nútíma málvenja á orðinu pílgrímsferð er veraldlegri, það er ekki eins helg og áður. Í dag er pílgrímsferðin mun styttri en hún var, bæði er ferðalagið og dvalartími styttri og stundum þarf meira að segja ekki einu sinni að ferðast, það er ef pílgríminn ferðast eingöngu um á Internetinu. Vegna þessa hefur verið lagt til að á tuttugustu og fyrstu öldinni öðlist hugtakið pílgrímsferð nýrri og sveigjanlegri skilgreiningu sem er „ferðalag hlaðið merkingu“ (Digance, 2006, bls. 36).

1.1 Markmið og uppbygging ritgerðar

Markmið með skrifum þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á pílgrímsferðir kristinna manna og tengsl þeirra við ferðamennsku. Spurningar sem leitast verður við að svara eru:

- Hvað er líkt og ólíkt með pílgrímsferðum fortíðar og nútíðar?
- Er hinn helgi staður jafnframt ferðamannastaður?
- Er tilgangur pílgrímsferða sá sami í fortíð og nútíð?
- Er pílgrími ferðamaður eða er ferðamaður pílgrími?

Til að svara þessum spurningum skiptist ritgerðin upp í sex kafla meginmáls með undirköflum ásamt inngangi, niðurstöðum, umræðum og lokaorðum.

Í inngangi er gerð grein fyrir ástæðu á vali ritgerðarefnis og þeim spurningum sem leitast er við að svara. Annar kafli fjallar um trúarbragðaferðamennsku. Til að skilja pílgrímsferðir og út á hvað þær ganga verða trúarbrögð og hvað fær fólk til að ferðast í þeirra nafni að vera mjög skýr. Eins er samband ferðamennsku og trúarbragða skoðað og þá sérstaklega út frá trúfræðilegu sjónarhorni. Þriðji kafli ritgerðarinnar fjallar um pílgrímsferðir, hugtakið er greint og saga þeirra út frá kristinni trú gerð skil. Til að fá tilfinningu fyrir pílgrímsferðum eru tekin dæmi um tvær vinsælar pílgrímsleiðir sem farnar voru á miðöldum. Fjórði kafli greinir hvað helgur staður er og hvort hann sé í raun hluti af menningararfi mannsins eða hreinlega ferðamannastaður. Fimmti kafli fjallar um pílgrímman eða ferðamanninn. Hugtakið upplifun er útskýrt með áherslu á pílgrímsferðir og fjallað er um hluta af rannsókn þeirra Collins-Kreiner og Kliot (2000) þar sem rannsakað er hvort pílgrími líti á sig sem ferðamann. Sjötti kafli fjallar svo um framtíðarhorfur pílgrímsferða, hvernig þær ásamt pílgrímanum sjálfum hafa breyst og svo er vöxtur nútíma pílgrímsferða skoðaður.

Að lokum eru svo meginbreytingar í rannsóknum á pílgrímsferðum gerð skil. Sjöundi kafli lýsir þeirri aðferðafræði sem notast var við skrifa á ritgerðinni.

2. Trúarbragðaferðamennska

Í þessum kafla verður farið yfir hvað trúarbragðaferðamennska felur í sér, hvernig samband ferðamennsku og trúarbragða er og hvernig slíkt samband er útfra trúfræðilegu sjónarhorni.

Til að bera saman nútíma ferðamennsku í félagshagfræðilegu samhengi við trúarbrögð þá er nauðsyn að íhuga hver staða trúarbragða er í nútímasamfélagi. Það er ekki hægt að skoða sambandið á milli trúarbragða og ferðamennsku með gagnrýnum huga án þess að skilja fyrirbærið trúarbrögð. Undirstrika þarf tvö atriði. Fyrst af öllu er nánast ógerlegt ef ekki ómögulegt að skilgreina trúarbrögð. Þrátt fyrir það þá er almennt viðurkennt, innan ákveðinna samfélaga, að trúarbrögð eru skipulagt kerfi trúar og hefða sem sumir eða allir þegnar samfélags fylgja eftir (Sharpley, 2009, bls. 240).

Samkvæmt Vukonić (2000) eru trúarbrögð óaðskiljanlegur þáttur samfélaga og eru undirstöðuaðtriði í menningu en það kemur fram í viðhorfum, trú og hegðun fólks. Trúarbrögð stuðla að ákveðnum gildum og hegðun í samfélagi hjá bæði trúuðum og trúlausum. Því má halda því fram að gildi, hegðun og viðhorf samfélags, líka ferðamanna, muni vera breytilegt og að hluta ákvarðast af eðli, umfangi og styrk trúarhreyfinga innan samfélags. Af þessu leiðir seinna atriðið sem undirstrikar rökin fyrir því að ferðamennska sé í raun nútíma veraldleg pílgrímsferð. Nútíma samfélög einkennast af því að vera meira veraldleg, það er hnignun hefur orðið í skynjun á þýðingu og mikilvægi trúarstofnana og trúarhefðum (Sharpley, 2009, bls. 240). Áriðandi er þó að átta sig á að meint veraldleg þróun samfélaga hefur ekki skilið eftir sig tómarúm í trúarbrögðum, það er trú í hefðbundnum skilningi þess orðs hefur ekki hnignað heldur tekið á sig aðra mynd (Sharpley, 2009, bls. 241). Í nútíma rannsóknum í ferðamennsku hefur því verið haldið fram í auknu mæli að svokölluð andleg ferðamennska (e. spiritual tourism) sé sú tegund ferðamennsku sem innihaldi blöndu af trúarbragðaferðamennsku og pílgrímsferðum.

Trúarbragðaferðamennska hvetur ferðamanninn til að ferðast í þeim tilgangi að uppfylla ákveðnar trúarlegar skyldur á meðan pílgríminn ferðast eins og trúaður ferðamaður en þó samkvæmt mun skipulagðari dagskrá á áfangastaði, nánast eins og þeir væru upprunalegu pílgrímarnir (Haq, Wong og Jackson, 2008, bls. 1). Andleg ferðamennska virðist vera nýtt hugtak en er þó langt frá því að vera nýtt fyrirbæri. Samkvæmt rannsókn Haq og fl. þá er andlegur ferðamaður sá er heimsækir ákveðin stað utan hefðbundins umhverfis en þó innan trúarlegs samhengis, með þann ásetning að efla andlegan vöxt hvort sem viðkomandi er trúaður eða trúlaus og án þess að vera þvingaður til þess af trúarbrögðum (Haq, Wong og Jackson, 2008, bls. 1).

Spíritismi viðurkennir tilvist hiðs yfirnáttúrulega, ekki endilega guðs eða guða, því felur spíritismi í sér aukamerkingu á hinu helga. Það má segja að spíritismi feli í sér alls kyns trú og hefðir án þess þó að samræmast hefðbundnum trúarbrögðum. Það hefur komið í ljós að margir sem telja sig vera trúaða telja sig líka vera spíritista eða andlega hugsandi. Þeir skilgreina spíritisma sem hefðbundið viðhorf á því sem heilagt er, það er trúin á guð og svo hefðbundið viðhorf til hefða eins og bæna og að ganga til kirkju. Þegar hugmyndin um þetta andlega losnar undan hlekkjum hefða hinna hefðbundnu trúarbragða þá verður til umfangsmikið svið venja, trúar og helgra staða. Samkvæmt Timothy og Conover (2006) er afleiðingin sú að ekki hafa einungis komið fram nýjar tegundir af andlegri ferðamennsku eins og „nýaldarferðamennska“ og „vellíðunarferðamennska“ heldur hafa fleiri staðir bæst við sem helgir staðir. Það hefur svo orðið til þess að ferðalög eða pílgrímsferðir hafa aukist verulega á þá staði (Sharpley, 2009, bls. 242).

Kristni er byggð á lífi og kenningum Jesús Krists. Flestir kristinna tilheyra einum af þremur undirhópum kristinnar sem eru kaþólikkar, mótmælendur eða austur-evrópska réttrúnaðarkirkjan (Vukonić, 2006, bls. 238).

Leitin að sannleikanum, uppljómun eða ekta upplifun af hinu guðlega eða því heilaga fær einstaklinga til þess að ferðast til helgra svæða, svæða sem hafa verið aðskilin hinum venjulega hversdagsleika. Ferðamennska tengd trúarbrögðum, þar með taldar pílgrímsferðir sem eiga rætur að rekja til fortíðar, hefur vaxið mikið undanfarin fimmtíu ár. Hefur það komið mörgum á óvart því ýmsir hafa talið að trúarlegar pílgrímsferðir séu að missa félagslegt mikilvægi sitt (Olsen og Timothy, 2006, bls. 3).

Rountree (2002) telur að vinsældir trúarbragðaferðamennsku megi ekki eingöngu sjá í aukningu ferðamanna til helgra staða heldur einnig í blöndun pílgrímsferða við nýaldar spíritisma. Baum (2000) telur að hugtakið trú hafi breyst með tilkomu nútímalegra veraldlegra fyrirbæra eins og iðnvæðingarinnar, menningarlegri fjölhyggju og vísindalegri skynsemi (Olsen og Timothy, 2006, bls. 4).

2.1 Samband ferðamennsku og trúarbragða

Samkvæmt Jackowski og Smith (1992) er trúarbragðaferðamennska ekki nýtt fyrirbæri.

Trúarbrögð hafa löngum verið hvati þess að fara í ferðalag og er talið að þessi tegund ferðalaga sé elsta form ferðamennsku þar sem annað en efnahagslegir hvatar stýra för.

Á hverju ári ferðast milljónir manna til aðal pílgrímstaða heimsins, bæði gamalla og nýrra (Olsen og Timothy, 2006, bls. 1). Jackowski (2000) telur að um 240 milljónir manna fari að jafnaði ár hvert í pílgrímsferðir og að meirihluti þeirra séu kristnir, múslimar og hindúar.

Samkvæmt Smith (1992) hefur verið vísað til þess að trúarbragðaferðamennska sé það sem verður til þegar pílgrímsferðir og ferðamennska mætast á miðri leið. Santos (2003) heldur því hinsvegar fram að hugtakið trúarbragðaferðamennska ætti að ná yfir meira en bara ferðir af trúarlegum toga. Hann telur að hugtakið ætti einnig að ná yfir ferðir til helgra staða þrátt fyrir að ferðalagið sé ekki farið útfrá trúariðkun viðkomandi (Ron, 2009, bls. 290). Nolan og Nolan (1992) telja hinsvegar trúarbragðaferðamennsku vera ákveðna tegund ferðamennsku, miklu víðfeðmra en bara pílgrímsferðir. Slík ferðamennska nær yfir helgidóma pílgríma, trúarhátíðir, helga staði þar sem mikilvægi sögu og listar liggja til grundvallar án tengingu við pílgríma, auk ýmis konar blöndu af þessum þáttum (Ron, 2009, bls. 290).

Bremer (2005) telur að fræðimenn hafi nálgast tengsl trúarbragða og ferðamennsku útfrá þremur sjónarhornum en þau eru eftirfarandi:

- Staðbundin nálgun (e. spatial approach) – felst í því að pílgrímar og aðrir ferðamenn eru á sömu stöðum en sýna mismunandi hegðun
- Söguleg nálgun (e. historical approach) – felst í sambandinu á milli trúarbragða og ferðamennsku
- Menningarleg nálgun (e. cultural approach) – felst í því að pílgrímsferðir og ferðamennska sé nútímasiður í póstmóðernískum nútíma.

(Olsen og Timothy, 2006, bls. 2).

Ferðalög sem byggja á trúarbrögðum eða hinu andlega hafa breiðst út á undanförunum áratugum og eru nú stór hluti þjóðlegrar ferðamennsku. Lloyd (1998) heldur því fram að aukning í andlega tengdri ferðamennsku tengist vexti ferðamennsku nútímans. Jafnvel þó að ferðþjónustan tengist mörg hver trú og trúarstofnunum um allan heim þá er trúarbragðaferðamennska ein sú minnst rannsakaða í ferðamálafræðum. Kelly (1982) telur að þetta komi að vissu leyti á óvart þar sem að trú hefur átt stóran þátt í þróun afþreyingar í gegnum aldirnar og hefur haft áhrif á hvernig fólk notar frítíma sinn. Vegna þessa telja Mattila og fl. (2001) að mynstur ferðalaga og afþreyingar sé ekki hægt að skilja nema

trúarbrögð séu höfð inni í myndinni (Olsen og Timothy, 2006, bls 1). Collins-Kreiner og Gatrell (2006) halda því einnig fram að það sé ógerlegt að skilja þróun ferðamennsku og pílgrímsferðir fyrri tíma án þess að rannsaka trúarbrögð (Sharpley, 2009, bls. 237).

Skilningur á trúarbrögðum og upplifun tengdri trú verður að vera undirstaða þess að skilja ferðalög mannsins í gegnum tíðina. Trúarstofnanir, bæði núna og fyrir á dögum, hafa haft mikil áhrif á fjöldann allan af einstaklingum sem hafa ferðast yfir landamæri í nafni trúarinnar (Hall, 2006, bls. 64). Kaszowski (2000) segir að fræðimenn úr hinum ýmsu fræðigreinum hafi skoðað margar hliðar sambandsins á milli trúarbragða og ferðamennsku. Þeir sem aðrir hafa haft tilhneigingu til þess að einblína á fjölda fræðilegra og hagnýtra efnisþátta. Meðal annars þá gagnrýna fræðimenn rannsóknaramma, kenningar og einkenni á rannsóknum á trúarbragðaferðamennsku (Olsen og Timothy, 2006, bls. 2).

2.2 Samband ferðamennsku og trúarbragða útfrá trúfræðilegu sjónarhorni

Sambandið á milli ferðamennsku og trúarbragða hefur lítið verið skoðað útfrá trúfræðilegu sjónarhorni. Cohen (1998) telur að það sé vegna þess að flest trúarbrögð álíti ferðamennsku veraldlegt athæfi og því skiptir ferðamennska trúarbrögð engu máli. Út frá trúnni er yfirleitt litið á samband ferðamennsku við trúna sem aðeins eitt af því sem mótar daglegt líf.

Í hefðbundnum trúarbrögðum má hins vegar finna hugtök sem tengjast ferðamennsku en þau eru ferðalög, menntun, friður og gestrisni gagnvart ókunnugum (Sharpley, 2009, bls. 242). Sousa (1988) bendir á að lýsingar á ferðalögum í Gamla- og Nýja Testamentinu, hvort sem um er að ræða Jesús Krist þar sem hann ferðast um Ísrael eða ferðalög gyðinga í leit að guði sínum ættu að vera álitin ákveðin tegund ferðamennsku (Poria, Butler og Airey, 2003, bls. 341).

Til að skilja betur tengingu trúfræðinnar við ferðamennsku þá er kaþólskan tekin hér sem dæmi. Samkvæmt Rinschede (2009) eru um tvær billjónir manna kristinnar trúar en helmingur þeirra eða billjón manns, um 18 prósent heimsbyggðarinnar, eru Rómversk-kaþólskir.

Rómversk-kaþólska kirkjan hefur í gegnum tíðina haft mikil áhrif á þróun kristinnar trúar í hinum vestræna heimi. Kirkjan hefur haft mikil áhrif á þróun pílgrímsstaða og ferðalaga til þeirra, sérstaklega í Evrópu. Samkvæmt kaþólskri hefð kemur trúarbragðaferðamennska yfirleitt fram á þrjá vegu:

- Pílgrímsferðir – hópar og einstaklingar sem heimsækja helga staði
- Hópsamkomur – samkomur í tilefni trúarlegra dagsetninga og trúarafmæla

- Skiplagðar ferðir – heimsóknir á mikilvæga trúarlega staði og byggingar innan ramma ákveðinnar ferðaáætlunar

(Vukonić, 2006, bls. 237).

Minjar og list eins og stytur og myndir sem sýna Krist, Maríu Mey, postulana og dýrðinga gegna mikilvægu hlutverki í tilbeiðslu kaþólikka. Slíka hluti er að finna í kirkjum víða um heim. Í Rómversk-kaþólskri trú er þetta stór og mikilvægur þáttur í sambandi ferðamennsku og kirkjunnar, en landfræðileg útbreiðsla Rómversk-kaþólskrar trúar hvetur þegna hennar til að ferðast og stuðlar því að trúarbragðaferðamennsku. Samkvæmt kaþólsku er litið svo á að ferðamaður sem deilir þekkingu sinni með fólki sem aðhyllist önnur trúarbrögð sé í sambandi við guð sinn. Það þykir mjög dýrmætt fyrir andlegan vöxt einstaklingsins að upplifa heilagleika á ókunnum slóðum. Ef ferðamaður er ekki kristinnar trúar en ferðast meðal kristinna manna, skoðar kirkjur þeirra, kynnist helgisiðum þeirra og kynnist fólkinu, er þá ekki líklegt að hann vilji læra meira um trúna? Hér má því segja að kominn sé grunnur að trúfræðilegri réttlætingu á ferðamennsku og þróun hennar í alhliða félagslegt fyrirbæri (Vukonić, 2006, bls. 239).

Fleiri þættir kaþólsku tengjast ferðamennsku sterkum böndum. Hin helga messa og sakramentin sjö eru stór þáttur í lífi hvers kaþólikka. Á ferðalögum er mikilvægt fyrir þá að geta tekið þátt í helgisiðum og það er eitthvað sem kirkjan hefur ekki skorast undan, sérstaklega ekki á þeim stöðum sem fjöldi kaþólskra ferðamanna heimsækir og þar sem heimamenn tilheyra kaþólsku kirkjunni. Í öllum löndum þar sem ferðamennska þrífst eru kaþólikkar hvattir til þess, af kirkjunni, að taka þátt í slíkum helgisiðum hvar sem þeir eru í heiminum (Vukonić, 2006, bls. 239).

Fleiri þættir kristinnar eru trúfræðilega sterkt tengdir ferðamennsku. Tvo þeirra má finna í kjarna ferðamenskunnar en það er í fyrsta lagi hugmyndin um kærleikann, en útfrá trúfræðilegu sjónarhorni er hann meira en trúarleg tilfinning, oft verður hann að einhvers konar tilfinningarlegri skyldu. Í Biblíunni eru margar tilvitnanir í kærleikann eins og til dæmis í Rómverjabréfi (13:8) „ Skuldið ekki neinum neitt nema það eitt að elska hver annan ; því sá sem elskar náunga sinn, hefur uppfyllt lögmálið “ og í fyrsta Korintubréfi (13:8) segir Páll Postuli „ Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi“ (Biblían, 1973).

Ef litið er á kærleikann útfrá alheimslögmálinu þá er hann ein af meginástæðum fyrir pílgrímsferðum kristinna manna og túlkun kristinna á trú sinni. Í öðru lagi er það svo þátturinn sem tengir saman gestrisni (e. hospitality) og ferðamennsku. Í Biblíunni er talað um gestrisni en í Matteusar guðspjalli (25:35) segir „ því að hungraður var ég, og þér gáfuð mér

að eta ; þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka ; gestur var ég, og þér hýstuð mig“ (Biblían, 1973). Í Gamla og Nýja Testamentinu er einnig talað um mikilvægi þess að vera gestrisin. Þau skilaboð sem finna má í Biblíunni og öðrum helgum textum eru þau sem trúfræðilega er litið á sem sönnun á tilkomu og viðveru ferðamennsku í nútíma samfélagi og í lífi nútíma mannsins (Vukonić, 2006, bls. 241).

Það má skoða sambandið á milli ferðamennsku og trúarbragða útfrá tveimur sjónarhornum. Annars vegar er trúarbragðaferðamennska skilgreind sem ferðamennska þar sem tilgangur ferðar er eingöngu trúarlegur eða andlegur. Slík ferðamennska er ein sú elsta sem þekkist og hefur þróast út í það að vera stór og vaxandi hluti af ferðamennsku nútímans. Hinsvegar er litið á ferðamennsku sem andlegt nútíma ferðalag (Sharpley, 2009, bls. 249).

3. Pílagrímsferðir

Það má líta á ferðalög til helgra staða af trúarlegum hvötum sem eina elstu tegund ferðamennsku og jafnframt þá tegund af ferðamennsku sem sé enn hvað mest ríkjandi. Helgar ferðir voru hluti tíðarandans til forna og upphaf þeirra er samhliða mörgum af fyrstu trúarbrögðum heimsins (Kaelber, 2006, bls. 49). Pílagrímsferðir eru eitt þekktasta fyrirbærið í trúarbrögðum og menningu heimsins og þær má finna í öllum helstu trúarbrögðum á heims: Búddisma, Hindúisma, Íslam, Gyðingdómi og Kristni.

3.1 Hvað eru pílagrímsferðir ?

Samkvæmt Barber (1993) er pílagrímsferð skilgreind sem ferð sem farin er af trúarlegum orsökum til heilags staðar til að efla innri skilning (Collins-Kreiner, 2010, bls. 437).

Pílagrímsferð felur í sér ferðalag frá einum stað til annars, frá þessu hversdagslega til hins helga. Vegna þessa upplifa margir pílagrímsferðina sem ákveðna umbreytingu. Hægt er að líta sérstaklega á trúarlegar pílagrímsferðir sem ferðalag frá hinu vanhelga til hins helga, frá hinu hversdagslega lífi til samfundar við hið guðlega, eða frá stað – og hefðbundnum trúarbrögðum til geislandi trúarbragða sem upplifuð eru fjarri heimkynnum einstaklingsins (Gesler, 1996, bls. 96). Samkvæmt Gesler er frumkvæðni að pílagrímsferð oft einhver ákveðin atburður eða hlutur, og það eru einmitt það sem heldur þessum ferðum gangandi. Þó að margir andlega hugsandi menn virðist geta leitað inn á við til þess að endurnýja trú sína eða fá yfirbót synda sinna virðist flest fólk þurfa að leita út á við í hinn efnislega heim til að ná sama takmarki. Til þess að ná þessu takmarki þarf fólk oft að fara í ferðalag. Dæmigerð pílagrímsferð verður til vegna þess að einhvers staðar í heiminum framkvæmir dýrðlingur kraftaverk eða það verður til sökum píslargöngu. Eins verða pílagrímsferðir til í kjölfar helgra sýna eða myndbirtinga af dýrðlingum. Þessi tákn veita hinum trúuðu ákveðna merkingu og mynda og efla táknrænt landslagsumhverfi (Gesler, 1996, bls. 97).

Pílagrímsferðir eru ákveðin tegund umferðar sem að sama skapi er ein tegund af hreyfanleika mannsins. Hugtakið hreyfanleyki (e. mobility) er einmitt vel þekkt þverfaglegt hugtak í fræðiheiminum. Hugtakið felur í sér hreyfanleika í heiminum í stórum stíl á fólki, hlutum, peningum og upplýsingum sem og hreyfanleika um almennt rými og ferðalög eftir efnislegum hlutum í hinu hversdagslega lífi. Vegna pílagrímsferða verður einnig hreyfing á öðrum hlutum eins og viðskiptum, menningarsamskiptum og minna fýsilegri hlutum eins og sjúkdómum og farsóttum (Collins-Kreiner, 2010, bls. 437-438).

Pólítískar, efnahags-, félags- og menningarlegar afleiðingar pílgrímsferða eru mjög miklar og hafa þær jafnvel áhrif á alþjóðaviðskipti og heilsu. Sem partur af trúarbrögðum hafa pílgrímsferðir haft landfræðileg pólítísk áhrif í gegnum nánast alla mankynssöguna. Mörkin á milli menningarheima voru dregin að hluta til í gegnum trúarbrögð mannkyns og þörfin til að breiða út hina einu sönnu trú, endurheimta helga staði eða fara í pílgrímsferð hefur oft verið hvatinn og réttlætningin á alls kyns átökum og stríðum í gegnum tíðina (Collins-Kreiner, 2010, bls. 438).

Það er ekki eingöngu fjöldi pílgríma sem er að aukast heldur hefur orðið aukning á pílgrímsferðum og má rekja það til áhuga fjölmiðla á fyrribærinu (Reader, 2007, bls. 214). Markviss fjölmiðlaumfjöllun gerir það að verkum að fólki er veittur kostur á að fara í pílgrímsferð í skjóli öryggis og þæginda heima fyrir án þess að taka beinan þátt í þessu. Á þennan hátt getur fólk tekið þátt án þess að upplifa fólksmergð, fjárútlát og líkamlegt harðræði slíkrar ferðar. Þetta eru svokallaðir „sófapílgrímar“ sem fara í ferðina í gegnum stóra plasmajónvarpið sitt, þar sem myndir af hindúapílgrímum birtast þar sem þeir baða sig í Ganges ánni á meðan á trúarhátíðinni Kumbha Mela stendur (Digance, 2006, bls. 40).

Annar stór áhrifavaldur nútímans er Internetið. Leibovich (2000) og MacWilliams (2002) segja að um 25 prósent af hundrað milljón bandarískum notendum vefsins noti hann í trúarlegum tilgangi. Karaflogka (2002) kallar þetta fólk svokallaða tölvupílgríma, en þeir geta stjórnað hvort þeir skoða heimasíður hefðbundinna trúarbragða, heiðni eða nýaldar Tölvupílgrímsferðir geta næstum komið í staðinn fyrir alvöru ferð. Helgir staðir eru komnir með heimasíður á netinu þar sem má finna 360 gráðu myndir og skoðunarferðir um staðinn. Einnig eru bænahópar, hópíhuganir, lesefni og spjallsíður í boði sem gera fólki kleift að stunda trúna á netinu. Það má svo deila deila um það hvort pílgrímsferð í gegnum netið sé raunveruleg pílgrímsferð þar sem að netið er veraldlegt verkfæri notað til að miðla upplýsingum og þó að heimasíða innihaldi trúarlegt efni er ekki þar með sagt að sá sem fer inn á síðuna sé trúaður pílgrími (Digance, 2006, bls. 41).

Af því er séð verður eru pílgrímsferðir trúarlegar athafnir þar sem einstaklingur eða hópur fólks leggur land undir fót til ákveðins helgistaðar til að reyna komast í samband við guð og dýrðlinga. Það sem er fyrst og fremst einkennandi við þekkingu á pílgrímsferðum er það að þær eru félagslegt og menningarlegt fyrirbæri (Murray og Graham, 1997, bls. 514).

3.2 Saga kristinna pílgrímsferða

Pílgrímsferðir kristinna manna hófust á fjórðu öld eftir Krist í tíð Konstantínusar keisara. Helsti áfangastaður fyrstu pílgrímsferðanna var Landið helga þar sem megin áherslan var lögð á staði sem nefndir voru í hinum fjórum guðspjöllum Nýja Testamentisins (Ron, 2009, bls. 287).

Samkvæmt Schur (1992) eru þó vísbendingar um að pílgrímar hafi komið á þessa staði allt frá því á annarri öld. Til eru gögn frá 190 eftir Krist, um ferðalag biskupsins Melito frá Sardis í Litlu-Asíu til Palestínu og árið 333 eftir Krist var fyrsta fæðingarkirkja Krists byggð í Bethlehem og varð hún aðdráttarafl fyrir þúsundir pílgríma. Með útbreiðslu og fjölgun í veldi múslima á sjöundu öld varð ákveðin samdráttur í pílgrímsferðum kristinna manna, en það breyttist í lok elleftu aldar þegar að fyrstu krossfararnir endurheimtu Landið helga.

Samkvæmt Grabois (1984) var Landinu helga fyrst lýst sem ferðamannastað í skrifum óþekktis kristins pílgríms frá þrettánda öld. Í skrifum sínum lýsir hann ekki upplifun sinni sem pílgríma heldur er þar á ferð raunsæ lýsing á landslagi, gróðri og dýralífi en einkum þó mannlegu samfélagi landsins. Þessi skrif voru sérstaklega ætluð hinum veraldlegu íbúum Evrópu sem höfðu heyrt um Landið helga en höfðu meiri áhuga á því sem ferðamannastað en af því hversu heilagt það var (Fleischer, 2000, bls. 314).

Í bókmenntum fyrri tíma er pílgríminn túlkaður sem forveri nútíma ferðamanns. Hann er sá sem leitar að hinum helga stað vegna trúarlegra ástæðna og ferð hans þangað og tilbaka er hugsuð útfrá þolinmæði, yfirbót og sáluhjálpi (Kaelber, 2006, bls. 49).

Á miðöldum tók dæmigerð ferð til Landsins helga meira en hálf ár en samkvæmt Schur (1992) var drifkraftur manna fyrir slíkum erfiðis- og hættuferðum sá að bjarga sál viðkomandi pílgríma, en stundum var hún lögð á einstaklinginn sem yfirbót (Fleischer, 2000, bls. 314).

Á miðöldum í Evrópu var almúgamaðurinn heltekin af hugsuninni um það sem hann taldi vera illsku, synd, dauða og helvíti og greip hann því til allskyns helgisiða, þar með talið ferða til helgra staða, til að verða hvítþveginn af syndum sínum. Á miðöldum var það líka algeng trú manna að sjúkdómar sem herjuðu á menn væru af spíritískum toga, sérstaklega tilkomnir vegna synda mannsins. Það var því sérstakt markmið margra pílgríma að fara til þess eins að lækna af sjúkdómum. Samkvæmt Turner og Turner (1978) er hægt að líta á ferðir sem farnar voru til að bæta fyrir syndir og sjúkdóma tákni um eynd. Þær eru farnar með því markmiði að friða og særa burt hin yfirnáttúrulegu öfl sem skapa illsku, dauða og ógæfu. Menn lögðu því oft upp í þessar ferðir til að hljóta að launum lækningu frá sjúkdómum eða til að draga úr andlegri angist. Af þessum ástæðum var oft litið á pílgrímsferðir sem tákni um

yfirbót þar sem pílagríminn varð á leið sinni að takast á við hinar ýmsu hættur, svo sem þjófa, svikula einstaklinga, hættur af náttúrunnar völdum og sjúkdóma (Gesler, 1996, bls. 96). Pílagrímsferðir höfðu áhrif á fleiri en þá sem hana fóru því þær efldu viðskipti á þessum leiðum þar sem pílagrímar voru einnig ferðamenn sem þurfti að hýsa, fæða og veita leiðsögn. Meðfram öllum helstu pílagrímsleiðunum risu upp gistiheimili en þau áttu stóran þátt í því að mikill vöxtur varð í viðskiptum með gistingu, veitingar og ekki síst framleiðslu, markaðsetningu og sölu á svokölluðum pílagrímsmerkjum. Pílagrímsmerkin voru áþreifanleg sönnun þess að viðkomandi pílagrími hefði heimsótt helgistaði og viðskipti með slík merki urðu allveruleg. Því efnaðri sem pílagrími var því betri ferðir gat hann veitt sér. Það gerði hann með því að semja við viðurkennda skipstjóra í Feneyjum um að allt væri innifalið í ferðinni. Gróðataækifæri urðu því samhliða slíkum langferðum sem fæddu af sér nýja tegund pílagríma, svokallaðan kaupmannspílagríma. Það má því segja að við lok miðalda hafi viðskiptavæðing pílagrímans verið orðin mjög víðtæk og mun algengari en nútímamaðurinn gerir sér grein fyrir (Kaelber, 2006, bls. 51).

3.3 Pílagrímsleiðir

Á fyrsta árfúsundi eftir Krist var Evrópa næstum eins og hún er í dag. Rómverska keisaraveldið var liðið undir lok og Karlamagnús konungur hafði komið á nýjum pólitískum veruleika norðan Alþafjalla. Landamæri ríkja Evrópu litu dagsins ljós og kirkjan hafði fest rætur um alla álfuna (Bjørndal, 2000, bls. 5). Áhrifamikil breyting varð fyrir kristna menn á valdatíma Konstantínusar keisara, en þá varð það þannig að þeir voru ekki lengur ofsóttur minnihlutahópur heldur féllu alveg inn í samfélagið (Hardeberg, Lånke og Nome, 2000, bls. 12). Kristnin varð hin andlega undirstaða fyrir mörg lönd innan Evrópu, nánast eins og rökrétt afleiðing af frumkvæðni Konstantínusar keisara um stofnun ríkiskirkju (Bjørndal, 2000, bls. 5).

Pílagrímsleiðir voru margar og mismunandi hér á öldum áður. Til að fá tilfinningu fyrir pílagrímsferðum þá eru hér tekin dæmi af tveimur ólíkum leiðum. Sú fyrri er Santiago de Compostela á Spáni en í næstum 1000 ár hafa milljónir manna ferðast að helgistaðnum Santiagao de Compostela í Galísíu, en samkvæmt þjóðsögunni á gröf heilags Jakobs postula að vera staðsett þar (Houlihan, 2000, bls. 18). Á miðöldum var þessi pílagrímsleið ein af þeim þekktustu (Reader, 2007:211). Seinni Leiðin sem er tekin sem dæmi er Vegur Ólafs helga í Noregi. Helgur staður varð til í norðri þegar Ólafur helgi Noregskonungur var tekin í

dýrðingatölu en Ólafur sameinaði Noreg undir eitt konungsdæmi í andlegum skilningi (Nome, 2000, bls. 180).

Val á þessum tveimur leiðum grundvallast á þeirri staðreynd að báðar leiðir voru vinsælar pílgrímsleiðir á miðöldum, báðar leiðir voru næstum horfnar á hnignunarskeiði pílgrímsferða á sextánda öld og báðar þessar pílgrímsleiðir hafa verið endurreistar og öðlast vinsældir í dag.

3.4 Santiago de Compostela

Í löndunum umhverfis Miðjarðarhafið hafa ávallt verið áfangastaðir sem kristnir pílgrímar ferðast til. Þessi svæði hafa að geyma marga helga staði samkvæmt kristinni trú (Fleischer, 2000, bls. 313). Eitt af þessum löndum er Spánn, en það er vel þekkt að pílgrímsleiðin til Santiago de Compostela er ein af þeim mikilvægustu í kristinni trú. Rætur þessarar pílgrímsleiðar má rekja til þess að gröf Jakobs postula er þar, en lík hans á að hafa fundist á níundu öld í nágrenni borgarinnar sem síðar var skýrð eftir honum - Santiago de Compostela (Herrero, 2008, bls. 131).

Samkvæmt Houlihan þá er það eflaust engin tilviljun að helgistaðurinn Jakobsvegur er staðsettur á ystu brún Evrópu enda var hann þekktur til forna sem endi alheimsins eða Finis Terrae. Eins og með aðrar pílgrímsleiðir þá eru ýmsar staðhæfingar á lofti um tilurð þeirra. Varðandi Santiago þá voru ýmsir sem töldu að staðurinn hafi áður verið helgistaður heiðinnar trúarreglu sem leiðbeint væri af Vetrarbrautinni (e. the Milky Way) vegna staðsetningar hans við endu alheimsins og hafi jafnvel þess vegna dregið að sér áhangendur. Hverjar svo sem rætur staðarins eru þá er það víst að ákveðið grundvallaratriði undirstrikar trúarhreyfinguna og dulúðina sem umlykur Jakobsveginn og þjóðsöguna á bak við hann en það er trúin um að Jakob postuli sé grafinn þar (Houlihan, 2000, bls. 18-19)

Talið er að á miðöldum hafi árlega um hálf milljón manna þyrpst saman og gengið um vegakerfi sem búið var til af Rómverjum, sem kom þeim yfir Frakkland, yfir Pýreneafjöllin og áfram vesturleiðina til Spánar að afskekktu bænum Santiago. Pílgrímar ferðuðust eftir Jakobsveginum og áðu á leiðinni á gistiheimilum, heimsóttu kirkjur og aðra helgistaði. Í aldanna rás myndaðist ákveðin menningar þjóðvegur sem hefur skilið eftir sig óafmáanlegt merki á lista-, trúar- og félagslegu korti Evrópu (Houlihan, 2000, bls. 18).

Á miðöldum mynduðu pílgrímsleiðir til Santiago flókinn vef tenginga um sjó og land alls staðar að úr Evrópu til norður og vestur Spánar. Það var þó þannig að að margar leiðirnar innihéldu fjóra hefðbundna staði þar sem fólk safnaðist saman til að byrja ferðina. Það voru

París, Vézelay, Le Puy og Arles, en leiðin til Santiago nær yfir dreifbýlustu svæði Spánar og er um níuhundruð km löng. (Murray og Graham, 1997, bls. 514).

Pílagrímsferðir til Santiago de Compostela náðu hámarki á elleftu og tólftu öld, en þá komu þúsundir manna alls staðar að frá Evrópu um hinar ýmsu leiðir. Franska leiðin varð sú vinsælasta en hún kemur inn á Iberiuskagann um Pýreneafjöllinn vestanmegin (Herrero, 2008, bls. 131). Frá og með elleftu öld var röð af veraldlegum ráðamönnum, það er mönnum sem ekki tengdust kirkjunni beint, eins og Sancho Navarres, Alfonso VI af Castille og Sancho Ramirez af Aragon sem áttu stóran þátt í að efla og styrkja pílagrímsleiðina. Þeir gerðu það annars vegar með því að styrkja stoðkerfi borgarinnar, en Alfonso VI sá til þess að vegir og brýr í borginni væru í lagi. Hinsvegar styrktu þeir svo leiðina með því að fá franska iðnaðarmenn og kaupmenn til að setjast að meðfram pílagrímsleiðunum. Þetta tókst það vel til að vinsælasta leiðin um Spán varð þekkt sem franska leiðin (e. the Camino Francés), með borgum eins og Estella og Villafranca del Bierzo sem bera vitni um franska arfleið þeirra (Houlihan, 2000, bls. 19-20). Meðfram frönsku leiðinni varð til flókið stoðkerfi sem samanstóð af skýlum, gistiheimilum, sjúkrahúsum og kirkjum. Með þessu varð séð til þess að pílagrímar á leið til Santiago fengu bæði andlega og líkamlega næringu (Houlihan, 2000, bls. 20).

Fræðimenn hafa leitað sér upplýsinga um smáatriði pílagrímsferðanna til Santiago í latnesku riti sem kallast Lieber Sancti Jacobi einnig þekkt sem Codex Calixtinus. Það var skrifað í kring um 1139 af frönskum klerki að nafni Aimery Picaud af Parthenay le Vieux. Það er litið á þetta rit sem eitt af fyrstu ferðaleiðbeinandi ritum, svona næstum eins og miðalda Michelin rit. Tilangur ritsins var að upphefja pílagrímsferðir til Santiago, en ritið innihélt meðal annars leiðbeiningar um hvert ætti að fara og hvað ætti að varast í slíkum ferðum (Houlihan, 2000, bls. 21).

Það má því segja að jafnvel þó að að pílagrímsleiðin til Santiago virtist vera birtingamynd trúarbragða miðalda þá var hún samt sem áður upphaf leiðatengdrar ferðamennsku (e. route based tourism), en sú tegund ferðamennsku mótaðist á þessum tíma (Murray og Graham, 1997, bls. 515).

Hnignunarskeið pílagrímsferða hófst á sextánda öld. Þó að heilagur Jakob og kirkjan hans væru enn merkileg í kristinni trú þá var þessi gamla pílagrímsleið nánast eyðilögð með byggingu nýrra vega og pílagrímarnir sem ferðuðust þessar leiðir nánast hurfu (Herrero, 2008, bls. 132). Eftir nokkurra alda hnignun varð þó aftur um aukningu í pílagrímsferðum að ræða. Aukning slíkra ferða til Santiago hefur verið alveg ótrúleg þar sem ekki er hægt að tengja hana aðgengi fólks að nútíma farartækjum. Sífellt fleiri ferðamenn kjósa að ferðast þessa leið

á svipaðan máta og gömlu píligrímarnir gangandi, á hestbaki eða jafnvel hjólandi (Reader, 2007, bls. 211). Samkvæmt Herrero (2008) þá er það reyndar þannig að allt fram til ársins 1980 ferðuðust ferðamenn til Santiago á nútíma farartækjum. En eftir 1980 þá virðist sem píligrímar nútímans, sem eru þúsundir manna, kjósi að feta í fótspor píligríma miðalda og nota þeirra aðferðir við að ferðast. Samkvæmt Frey (1998) er aukning á nútíma píligrímsferðum til Santiago ekki afleiðing trúarinnar heldur tjáning á gildum og afþreyingu sem eru einkennandi fyrir nútíma veraldlega ferðamennsku ásamt áhuga á hefðum og samblöndun við andleg málefni. Fortuna (1995) heldur því fram að upplifunin við að fara fótgangandi píligrímsleiðina til Santiago henti einmitt mjög vel hinum nýju tegundum af póstmóðerníska hreyfanleika þar sem myndir, tákn, tilfinningar og umhyggja fyrir náttúru og menningu eru í aðalhlutverki (Herrero, 2008, bls. 132).

Samkvæmt Reader (2007) þá hafa yfirvöld í Santiago tekið upp á því að gefa út ákveðin vottorð, svokallað Compostela, til þeirra ferðamanna sem ferðast að minnsta kosti 100 km til Santiago fótgangandi eða á hestbaki og 200 km hjólandi. Fjöldi slíkra vottorða hefur aukist frá því að vera einungis 2491 árið 1986 upp í 74.614 á árinu 2003. Jóhannes Páll Páfi II lýsti yfir að árið 1999 væri heilagt ár og því nytsamlegt til að fara píligrímsferðir. Fjöldi vottorðanna fjölgaði því upp í 150.000. Þessar tölur eiga eingöngu við þá sem ferðast til Santiago fótgangandi, á hestbaki eða hjólandi. Miklu fleiri ferðast þangað með bílum, rútum eða lestum (Reader, 2007, bls. 211-212). Á undanförunum árum hefur orðið mikil vakning í píligrímsferðum til Santiago de Compostela. El Camino Francés eða franska leiðin var sett á heimsmínjaskrá Unesco árið 1993 og þúsundir manna fara þessar leiðir árlega (Collins-Kreiner, 2010, bls. 154).

3.5 Vegur Ólafs helga – St. Olavs Way

Í Noregi var afkomandi Haralds Hárfagra konungs, sem ríkti fyrstur yfir sameinaðri norskri þjóð að nafni Ólafur Haraldsson. Ólafur var strangtrúaður og var sagður ákveðinn í að koma á kristinni trú í Noregi. Ólafur ríkti sem konungur frá árinu 1015 til ársins 1030. Á þeim tíma náði hann takmarki sínu að koma á kristinni trú og siðum. Ólafur konungur lést í orrustunni á Stiklastað sem er rétt norðan Þrándheims 29. júlí 1030. Að orrustunni lokinni voru það svo nánustu samstarfsmenn konungsins sem fóru með jarðneskar leifar hans og jarðsettu á leynilegum stað rétt fyrir utan Þrándheim. Fljótlega eftir það fóru af stað sögusagnir um kraftaverk sem áttu að eiga sér stað í nánd við gróf konungsins og því var sagt að hann væri helgur maður með sérstakan mátt. Ólafur var tekin í dýrðlingatölu ári eftir dauða hans. Ólafur

var fyrsti píslarvottur Noregs og varð við það verndardýrðlingur landsins (Kollandsrud, 1998, bls. 92). Þessi konunglegi dýrðlingur og helgidómur hans urðu síðan undirstaða byggingar hinnar einstöku Kristskirkju í Niðarósi og hinna sjaldgæfu og hættulega pílgrímsferða til Ultima Thule á norðurskautinu (Bjørndal, 2000, bls. 6).

Á miðöldum lögðu margir pílgrímar leið sína til Niðaróss. Á þessum tíma var staðsetning Þrándheims á nyrsta hluta ferhyrnings myndaður af þeim fjórum helstu pílgrímsleiðum þess tíma: Jerúsalem í austri, Róm í Suðri, Santiago de Compostela og St. Andrews í vestri.

Það er umdeilanlegt hvort kalla megi umfang pílgrímsferða til Þrándheims það miklar að bærinn teljist til helgistaðar en þó er víst að Ólafur konungur var vel þekktur og virtur utan heimaland síns. Í kjölfar siðaskiptanna árið 1537 hættu pílgrímsferðir alveg (Kollandsrud, 1998, bls. 93). Það sama gerðist í Noregi, pílgrímar hættu smám saman að koma til Þrándheims og þetta sama ár 1537 voru pílgrímsferðir bannaðar samkvæmt konunglegri tilskipan (Hardeberg, Lånke og Nome, 2000, bls. 14).

Þrátt fyrir þetta hafa ákveðnar hefðir tengdar Ólafi helga lifað af allt fram á okkar daga og í dag virðist vera mikill áhugi fyrir miðöldum og miðaldahugmyndum (Kollandsrud, 1998, bls. 93). Á nítjándu öld var ákveðin endurvakning í áhuga á Ólafi helga. Í dag virðast margir þættir hafa áhrif á endurvakningu pílgrímshefða hjá Norsku kirkjunni. Pílgrímsferðir til Niðaróss hafa sérstaklega tengst Ólafsvöku (e. Olsok) sem haldin er 29. júlí ár hvert og er dánardagur Ólafs konungs (Hardeberg, Lånke og Nome, 2000, bls. 15). Árið 1992 fór af stað samstarfsverkefni undir stjórn umhverfis- og menningarmálaráðuneyta Noregs um endurgerð gömlu pílgrímsleiðanna til Niðaróss. Þetta heppnaðist og þann 28. júlí 1997 voru tvær slíkar formlega opnaðar. Vinna við þetta verkefni leiddi í ljós að margir hópar fólks sýndu pílgrímshefðunum mikinn áhuga og samvinna hófst á milli kirkjunnar annars vegar og landbúnaðaryfirvalda, sagnfræðinga, bæja og fleiri hinsvegar (Hardeberg, Lånke og Nome, 2000, bls. 17).

4. Hinn helgi áfangastaður – menningararfur eða ferðamannastaður?

Áreiðanleiki trúarinnar eða hve ekta (e. authentic) hún er hefur verið áberandi þáttur í sögu hennar. Fræðimenn hafa verið sammála um að rætur kristinna pílgrímsferða til landsins helga megi rekja til mótnar kristni í Rómaveldi á fjórðu öld. Eitt af meginverkefnum ráðamanna þar var að tryggja áreiðanleika helgra staða sem voru mikilvægir sögu kristinnar trúar. Fremst í flokki fór Helena drottning Rómverja sem ferðaðist til helgra staða sem tengdust lífi, dauða og upprisu Jesú Krists til þess að sýna fram á trúverðugleika þeirra. Með þessu lagði hún grunninn að ferðalögum pílgríma framtíðar sem að sannfærðust um réttmæti rannsókna hennar. Í kjölfarið heimsóttu þeir kirkjur sem reistar voru á þeim stöðum sem hún taldi helga. Þörfin fyrir að merkja og tryggja áreiðanleika ákveðinna staða var ríkjandi í pílgrímsferðum í Evrópu á miðöldum. Þá var Páfagarður álitinn það yfirvald sem ætti að framkvæma slíkar réttlætningar og ætti að tryggja að margir pílgrímsstaðir í Evrópu væru ekta (Belhassen, Caton, Stewart, 2008, bls. 675).

4.1 Hinn helgi staður

Samkvæmt trúfræðinni þá eru helgir staðir vígðir eða upplýstir af trúnni og þess vegna eru þeir heimsóttir. Slíkir staðir eru taldir vera heilagir og helgi þeirra talin vera afleiðing af helgum atburði sem átti sér stað þar eða vegna þess að þeir varðveita helgigripi. Sjaldnast er það þó þannig að staður sem talinn er helgur í einni trú sé það í öðrum trúarbrögðum. Einn sjaldgæfan stað má þó nefna sem er heilagur í Kristni, Íslam og Gyðingdómi, en það er borgin Jerúsalem í Ísrael, Landinu helga (Vukonić, 2006, bls. 243).

Vígt heilagt svæði eða staður er ein af forsendum pílgrímsferða og það er einmitt það sem skilur að stund og stað á ferðalagi pílgrímans. Helgur staður er þar sem einstaklingurinn nær samskiptum við guð eða guðlegar verur í sínum eigin heimi innan eigin heimsmýndar. Þetta er staður sem í tímans rás hefur umbreyt frá hinu vanhelga í það helga (Digance, 2003, bls. 144). Skiptar skoðanir eru þó um þetta en Eliade (1959) heldur því fram að helgur staður verði til þar sem skilin á milli þess helga og vanhelga afmarkast. Chidester og Linenthal (1995) hafa aðra skoðun en hún er sú að helgur staður sé ekki endilega gagnstæður þeim vanhelga þar sem þeir tengjast nánast órjúfanlegum böndum í gegnum félagslegan og pólitískan raunveruleika (Digance, 2003, bls. 145).

Margir ferðast einmitt vegna þess að þeir hafa áhuga á að læra meira um sögu ákveðins staðar eða til að skilja betur ákveðin trúarbrögð og menningu út frá þeim fremur en að vera eingöngu áhugasamir um einhverskonar leit að ánægju eða til að styrkja andlegan vöxt sinn.

Shackley (2001) telur að ferðamenn sem heimsæki helga staði geri það vegna þess að þeir eru að leita eftir ekta upplifun. Það er gert hvort heldur sem er með því að horfa á trúarleiðtoga eða pílgríma framkvæma ákveðna helgisiði eða með því að upplifa tilfinningu staðarins eða helgi andrúmsloftsins (Olsen og Timothy, 2006, bls. 5). Aðskilnaður hins andlega frá trúarbrögðum hefur leitt til endurtúlkunar á því sem telst vera „heilagt“ og Hammond (1991) telur að fólk sé ekki lengur heft af trúarbrögðum til að túlka hvaða svæði það telur heilagt. Morinis (1992) telur að vegna þessa hafi nútíma samfélag vikkað út hugtakið „heilagt“ og því verði til nýjir helgir staðir, staðir sem teljast til pílgrímsstaða (Olsen og Timothy, 2006, bls. 5). Það er hinsvegar áhugavert að íhuga að pílgrímsstaði má finna nánast alls staðar en í nokkrum af stærstu trúarbrögðum heims er tilhneigingin samt sú að þeir allra helgustu eru staðsettir á einangruðum svæðum eða útjöðrum svæða (Gesler, 1996, bls. 97).

Það má segja að helgir staðir dragi að sér þá sem hvattir eru áfram af trúnni í einu eða öðru formi, en hinsvegar þá hafa slíkir staðir einnig önnur hlutverk. Þeir geta verið mikilvægir vegna byggingalistar eða hafa að geyma merkilega listmuni og geta jafnvel verið vettvangur fjölda uppákoma, svo sem tónleika eða sýninga, eða einfaldlega verið helgimynd ferðamannastaðar. Urry (1990) segir að staður sem er heimsóttur einfaldlega vegna þess að hann er frægur fyrir að vera frægur, feli í sér ákveðna pílgrímsferð til helgrar miðstöðvar sem er yfirleitt í höfuðborg eða stórborg. Sem dæmi um slíkt má segja að ferðamaður í París fyndist ferðin ekki vera fullkomin nema að heimsækja Notre Dame eða hvítu kirkjuna Sacré Coeur (Sharpley, 2009, bls. 246).

4.2 Helgur staður eða menningararfur

Hardy (1988) telur að flestir vísindamenn séu sammála um það að menningararfur okkar tengist fortíðinni og sé einhverskonar arfleidd sem berst til núverandi og komandi kynslóða, bæði sem menningarhefðir og sem áþreifanlegar minjar (Timothy og Boyd, 2003, bls. 2). Timothy og Boyd (2003) halda því fram að fjöldi fólks sé að ferðast til alls kyns helgra staða, ekki eingöngu vegna andlegrar- eða trúariðkunar og til að upplifa hið helga í hefðbundnum skilningi, heldur líka vegna þess að þessir staðir eru merktir og markaðssettir sem menningararfur eða menningarlegt fyrirbæri til þess að upplifa (Olsen og Timothy, 2006, bls. 5).

Staðreyndin er reyndar sú að mismunandi skoðanir eru til á merkingu orðsins menningararfur þar sem að það er notað fyrir tvö mismundandi fyrirbæri. Hægt er að flokka menningararf sem ápreifanlegan og óhreyfanlega eins og til dæmis byggingar, náttúrusvæði og slíkt. Það er hægt að flokka hann sem ápreifanlegan og hreyfanlegan eins og til dæmis hluti á söfnum og svo má flokka hann sem hreyfanlegan og ópreifanlegan eins og til dæmis hefðir, gildi, athafnir og upplifanir eins og list og menningarlega viðburði (Timothy og Boyd, 2003, bls. 3).

Í fræðiritum um ferðamál eru ferðamannastaðir sem að hafa að geyma sögulega og trúartengda listmuni oftast taldir til menningararfstengds aðdráttarafls. Murray og Graham (1977) hafa sem dæmi bent á að leiðirnar að Santiago de Compostella (e. The Camino de Santiago) megi flokka sem menningarheild (e. heritage complex) (Poria, Butler og Airey, 2000, bls. 345).

Poria og fl. (2001) benda á að menningararfstengd ferðamennska sé fyrirbæri sem byggir á hvata og sýn ferðamannsins fremur en eiginleika staðar. Til þess að skilja þarna á milli þá setja þau fram þrjár tegundir af menningararfsferðamanni, en þær eru eftirfarandi:

1. Þeir sem heimsækja stað sem þeir telja vera menningararfleifð sína.
2. Þeir sem heimsækja stað sem þeir telja vera menningararfleifð þó svo að það sé ekki þeirra arfleifð
3. Þeir sem heimsækja staði sem eru sérstaklega merktir sem menningararfur án þess þó að þeir geri sér grein fyrir þeirri merkingu.

(Timothy og Boyd, 2003, bls. 6).

Byggt á þessum skilgreininum er menningararfstengd ferðamennska útskýrð af Poria og fl. (2001) sem undirflokkur ferðamennsku þar sem aðalástæða þess að heimsækja ákveðin stað byggir á eiginleikum arfleifðar út frá sýn ferðamannsins á eigin menningararfleifð (Timothy og Boyd, 2003, bls. 6).

Menningararfur er ekki einsleitt fyrirbæri, hann er til á mismunandi sviðum en Graham og fl. (2000), Swarbrooke (1994), og Timothy (1997) telja að upplifun á sviði menningararfsferðamennsku megi flokka í fjögur svið sem eru: heims- og landsvísu, staðbundin og persónuleg en tengist öll í hugmyndinni sameiginlegur menningararfur (Timothy og Boyd, 2003, bls. 14). Timothy (1997) vekur athygli á því að menningararfur á heimsvísu laði að sér stóra hópa fólks víðsvegar úr heiminum en fyrir flesta þeirra er staðurinn sem heimsóttur er bara lítill partur í stórri ferðaáætlun þeirra. Lowenthal (1979) fullyrðir að sú eyðilegging sem á sér stað nú á dögum á sögulegum minjum hafi dýpkað fortíðarþrá fólks. Því til sönnunar er leit mannsins að uppruna sínum og söguvitund og aukning á hversu vel

fólk kann að meta menningu sína og fjölskylduarf. Persónuleg arfleifð laði að sér þá sem að hafa tilfinningaleg tengsl við viðkomandi stað. Þetta á einnig við um arfleifð sem tengist sérstökum hópum eins trúarsamfélög, kynþáttahópa og starfshópa (Timothy og Boyd, 2003, bls. 16).

4.3 Hinn helgi staður eða ferðamannastaður

Ferðamenn rekast á staði tengda trúarbrögðum í öllum heimshornum. Á hverjum þeim stað þar sem hinn trúaði hefur samskipti við heilög öfl er hægt að byggja upp ferðamannastað sem er þess virði að heimsækja. Á trúartengdum stöðum þar sem finna má fjölda ferðamanna verður því samtímis til staður eða landssvæði sem er samhliða helgur staður og ferðamannastaður (Bremer, 2006, bls. 25).

Það er vel þekkt að ákveðnir ferðamannastaðir eða svæði geta veitt ferðamanninum ákveðna andlega upplifun. Sem dæmi má nefna að almennt hefur tengingin á milli mikilfengleika og trúar verið könnuð og er hún mjög skýr. Samkvæmt de Botton (2003) þá er það engin tilviljun að þegar trúin á guð fór að minnka þá jókst aðdráttarafl mikilfenglegs landslags á Vesturlöndum. Því má segja að það að virða fyrir sér mikilfenglega náttúru eða landslag þjóni því hlutverki að veita ákveðna andlega upplifun (Sharpley, 2009, bls. 248).

Staður þjónar því hlutverki að vera óaðskiljanlegur þáttur í öllum félagslegum samskiptum og hefur úrslitapýðingu þar sem og í niðurstöðum þeirra samskipta. Þetta á sérstaklega við á trúarlegum stöðum (Bremer, 2006, bls. 26).

Sögur sem mótað hafa mikilvæg gildi ákveðins staðar eru ein víddin í ferðamennsku sem gerir stað að því sem hann er. Mikilvægur þáttur í eðli staðar er ferðamennska sem gerir staðinn mögulegan í upphafi. Víðáttumikil svæði ganga í gegnum ákveðnar umbreytingar til að eiga sérstakan stað í ferðaáætlunum ferðamannsins, en þar upplifir hann umhverfið sem hann ferðast um og segir svo öðrum frá þeirri upplifun sinni. Þess vegna eru ákveðnir staðir komnir inn í ferðavenjur ferðamannsins (Bremer, 2006, bls. 29).

Á trúarsvæðum eins og öðrum svæðum sem hýsa ferðamenn, gilda ákveðnar ferðavenjur. Þó svo að ferðamenn, trúaðir sem trúlausir, séu samtímis á ákveðnu svæði þá eru ferðavenjur þeirra ólíkar og upplifanir þeirra af sama svæði mismunandi og það gerir staðinn sérstakan. Hvorki aðilar í ferðaþjónustu né trúarlegir aðilar geta átt fullt tilkall til slíkra staða. Staðirnir verða alltaf bæði trúarstaður og ferðamannastaður þar sem mismunandi aðilar öðlast mismunandi upplifanir. Þó svo að ferðamaður geti tekið þátt í trúarathöfn og pílgrímur geti

nýtt sér aðdráttarafl staðarins sem ferðamannastaðar þá er það ljóst að ákveðinn greinarmun má gera á trúarstað og ferðamannastað. Það má gera þrátt fyrir að stundum blandist þeir saman og myndi trúarbragðaferðamannastað (Bremer, 2006, bls 30).

Í dag er það þannig að helgir staðir sem eru jafnframt með sögu- og menningarlegt aðdráttarafl hafa öðlast aukið gildi og því má segja að þeir falli vel að ferðamennsku nútímans (Vukonić, 2006:248). Sem dæmi um slíkt má nefna dómkirkjuna Notre Dame í París sem er ekki eingöngu bænastaður heldur líka ferðamannastaður. Þær tólf milljónir manna sem heimsækja kirkjuna á hverju ári hafa breytt þessari merkilegu og voldugu trúarbyggingu í nútíma ferðamannamusteri (Vukonić, 2006, bls. 248).

Veraldlegir staðir eru sérlega áhugaverðir fyrir ákveðna félagslega hópa fólks af ákveðnum kynstofnum og úr ákveðnum þjóðarbrotum, en ekki fyrir trúarhópa. Slíkir staðir eru þó helgir að ákveðnu leyti útfrá öðru samhengi vegna þess að þeir eru líka uppspretta innblásturs og geta líka verið ástæða pílgrímsferðar, en eins má skilgreina þá sem hluta af nútíma menningu. Veraldlegir staðir fela í sér ákveðið minningarlegt gildi eins og til dæmis fyrir sögu lands og þjóðar og þeir geta líka verið minnisvarði um þá sem hafa látið lífið í þágu þjóðar (Vukonić, 2006, bls. 244).

5. Pílagrími eða ferðamaður

Margt er líkt með pílagríma og ferðamanni. Margir ferðamenn tala um að fara í pílagrímsferð á fótboltaleik til London eða til að versla í Boston. Aðrir eru meira í takt við upphaflega merkingu orðsins pílagrímsferð og ferðast í trúarlegum tilgangi til að öðlast einhverskonar upplifun. Upplifun er jú tilfinning sem að er einstaklingsbundin og getur verið mismunandi eftir manneskjum. En hvernig tengjast þessi tvö fyrirbæri, pílagríminn og ferðamaðurinn?

5.1 Ferðamennska og ferðamaðurinn

Einföld skilgreining á ferðamanni er sú að hann sé sá sem ferðast tímabundið frá heimili sínu og til annars svæðis í að minnsta kosti 24 klukkustundir en þó ekki meira en í eitt ár. Þessi skilgreining er sú sem er notuð hjá Alþjóðaferðamálastofnuninni (e. the World Tourism Organization), fræðimönnun í ferðamennsku og opinberum stofnunum sem sjá um gagnasöfnun og kynningar og endurspeglar hún þá nútíma hugmyndafræði sem liggur að baki þeim mörgu og margbrotnu ástæðum þess að fólk ferðast frá heimili sínu og verður að ferðamönnum (Olsen og Timothy, 2006, bls. 6).

Ferðamennska gegnir mikilvægu hlutverki í lífi nútímamannsins. Allt frá árinu 1945 hefur fjöldi ferðamanna á heimsvísu vaxið mikið. Í dag er ferðamennska stærstu tímabundnu fólksflutningar í heiminum og má búast við að á næstu áratugum verði fjöldi slíkra ferða næstum um billjón (Timothy og Boyd, 2003, bls. 1).

Ef litið er til uppruna ferðamennsku má sjá að hún á rætur sínar að rekja til pílagrímsferða. Rannsóknir á sambandi trúar, pílagrímsferða og ferðamennsku hafa oftast einblínt á á trúarleg málefni eða ferðamennsku í sitt hvoru lagi og með mun minni áherslu á sambandi þessara tveggja þátta (Collins-Kreiner, 2010, bls. 156).

Hvatar ferðalaga eru ekki óaðskiljanlegur þáttur í að skilgreina hvað ferðamaður sé og hvað ferðamennska þýði. Samkvæmt Wearing (2000) og Wearing og Neil (2000) er fólk frá hinum þróuðu löndum sem ferðast í stuttar ferðir tengdar mannúðarstörfum, þar sem það ferðast til vanþróaðra landa til að hjálpa til við að bæta lífsskilyrði á sviðum heilbrigði-hreinlætis og menntamála, vanalega kallað sjálfboðaliðaferðamenn. Að sama skapi má segja að fólk tengt viðskiptum sem ferðast á viðskiptaráðstefnur eða á markaðsfundi séu viðskiptaferðamenn og manneskja sem er í fríi á strönd í Jamaica sé strandarferðamaður.

Vegna þessa er okkur tamt að tala um tegundir ferðamanna í stað þess að velta fyrir okkur hvort að einn ákveðinn hvati sé mikilvægari en annar þegar reynt er að skilgreina hugtakið

ferðamaður. Út frá þessu sjónarhorni má því segja að píligrími sé ferðamaður, trúarbragðaferðamaður sem er hvattur til þess að ferðast út frá andlegum eða trúarlegum þáttum (Olsen og Timothy, 2006, bls. 6-7).

Aðalatriði rannsókna og umræðu á milli fræðimanna sem rannsaka trúarbragðaferðamennsku eru ferðamaðurinn og píligríminn, en samkvæmt Cohen (1998) virðast þeir vera í aðalhlutverki í sambandi ferðamennsku og trúarbragða (Olsen og Timothy, 2006, bls. 7).

Í yfir 1000 ár hefur píligrímsleiðin sem kölluð er Jakobsvegurinn verið farin af píligrímum. Það má því líta á ferðir eftir honum sem fyrstu birtingarmynd fjöldaferðamennsku og gera þar samanburð á píligríma annars vegar og ferðamannsins hins vegar. Báðir eru að leita eftir ákveðnum áfangastöðum og ákveðnum hlutum í þeirri trú um að nándin við þá geri þá að betri manneskju (Houlihan, 2000, bls. 19).

Út frá sjónarhorni ferðamennsku eru píligrímar og ferðafólk eins. Það að fólk talar um píligríma og/eða ferðamann sem andstæður sýnir fram á skilningsleysi á hugtökunum ferðamaður og ferðamennska. Hvatar ferðalaga og sú afþreying sem ferðamenn stunda hefur lítið með það að gera hvort viðkomandi sé „ferðamaður“ eða ekki (Olsen og Timothy, 2006, bls. 6). Út frá gangstæðu sjónarhorni má svo segja að píligrími sé ekki ferðamaður. Öðrum augum er lítið á þá ferðamenn þar sem hvati ferðalaga er djúp andleg eða trúarleg sannfæring, með öðrum orðum píligrími, en hina þar sem hvatinn er ánægja, menntun, forvitni, umhyggja og afslöppun. Þess sýn á ferðamenn er dæmigerð fyrir mörg trúarsamtök. Út frá sjónarhorni trúarstofnana telur því Sousa (1993) að ferðamenn séu álitnir orlofsgestir meðan píligrímar eru taldir unnendur trúarinnar (Olsen og Timothy, 2006, bls. 7).

5.2 Rannsóknir og kenningar um tengingu trúarbragða og ferðamennsku

Fjöldi fólks sem ferðast eingöngu eða að hluta til vegna trúarlegra eða andlegra ástæðna, þar með talið þeir sem eru þátttakendur í trúarhátíðum og atburðum sem og þeir sem heimsækja helga staði, hefur aukist verulega. Það má skýra þetta að hluta til vegna aukins aðgengis að helgum- og alþjóðlegum ferðamannastöðum. Einnig vegna tilhneigingu ríkisins og annarra stofnanna til að markaðssetja slíka staði til ferðamanna til að auka efnahagslega möguleika slíkra staða (Sharpley, 2009, bls. 237).

Gupta (1999) segir að ef lítið sé á hlutina í víðu samhengi og tilbeiðsluhlutanum sleppt að þá innihalda píligrímsferðir skoðunarferðir, ferðalög og heimsóknir á hina ýmsu staði. Þær innihalda ferðamáta á sjó, lofti og landi, þær stuðla að kaupum á minjagripum en þetta er nánast allt það sem ferðamaður gerir líka (Olsen, 2010, bls. 848).


Howe (2001) og Rinchede (1993) telja að trúarbrögð séu tengd ferðamennsku í gegnum neytandann (ferðamanninn) og birgja (gestgjafa) og sambandsins á milli þeirra. Þó má geta þess að fáar rannsóknir eru til sem snúna að þessu sambandi sem kannski kemur á óvart ef tekið er tillit til sögu ferðamennsku og trúarbragða (Poria, Butler og Airey, 2003, bls. 341). Hugtakið trúarbrögð eru tengd ótal þáttum í rannsóknum þeirra Cohen (1992,1998), Din (1989), Fleischer (2000), Hitrec (1990), Joseph og Kavoori (2001), Rinchede (1992), Smith (1992) og Turner (1973), í ferðamennsku, en er þó oftast í samhengi við pílgrímsferðir og ferðamennsku og sambandsins þar á milli (Poria, Butler og Airey, 2003, bls. 341).

Samkvæmt Smith (1989) þá hefur ferðamennska verið skilgreind sem afþreying háð þremur megin þáttum sem eru tekjur, frítími og félagslegar aðstæður til ferðalaga. Pílgrímsferðir eru háðar þessum sömu þáttum. Graham (1989) og aðrir tengja hinsvegar ferðamennsku við ánægjuaðarinn og lýsa ferðamennsku sem nokkurs konar „helgu ferðalagi“ þar sem einstaklingurinn flýr gráan hversdagsleikann á vit ævintýrana (Collins-Kreiner og Kliot, 2000, bls. 56).

Mannfræðingurinn Turnbull (1981) lítur á pílgríma og ferðamenn sem tvær tegundir ferðalanga sem leita að mismunandi þáttum í ferðalögum sínum. Samkvæmt honum leitast pílgríminn eftir því að tilheyra trúar- eða andlegum menningararfi á meðan ferðamaðurinn ferðast sér til ánægju. Í sumum tilfellum getur ástæða ferðamannsins fyrir ferðalagi verið jafn sannfærandi og andleg þó hún sé af veraldlegum toga. Turner og Turner (1978) staðhæfa að ferðamaður sé að hálfu pílgrími ef að pílgrími er að hálfu ferðamaður. Þau telja að pílgrímsferðir séu einskonar frí frá daglegu amstri en ekki hluti af almennri trúvenju einstaklingsins. Í þessum ferðum er samkennd einkennandi og þau benda á að pílgrímsferðir séu á lítinn hátt öðruvísi en ferðir útbúnar af ferðaskrifstofum fyrir almenna ferðamenn. Þær eru skipulagðar og nýta sér innviði samfélagsins sem í boði eru, ekki svo ósvipað annarskonar ferðamennsku (Fleischer, 2000, bls. 312).

Smith (1992) heldur því fram að nútímanotkun á hugtökunum sem skilgreina pílgrím sem trúaðan ferðalang og ferðamanninn sem túrista í frí sé menningarlega tilbúin andstæða og komi því til með að hylja tilgang eða ástæðu ferðar ferðamannsins (Collins-Kreiner, 2010, bls. 442). Smith (1992) telur að skoða megi sambandið á milli ferðamennsku og pílgrímsferða útfrá hversu sterkur trúarlegi hvati ferðalagsins sé. Á öðrum endanum eru helgar pílgrímsferðir, ferðir þar sem hvatinn er trú og andleg upplifun en á hinum endanum er veraldlegi ferðamaðurinn sem leitast eftir að fullnægja perónulegri eða andlegri upplifun í gegnum ferðamennsku (Sharpley, 2009, bls 238).

Smith (1992) telur að ferðamennska og pílgrímsferðir séu á sitthverjum endanum á samfelldu ferðalagi. Stefnan á pílgríms-ferðamannaásnum er merkt þannig að á öðrum enda ássins er helgi en veraldleiki á hinum. Mitt á milli er svæði C þar þar sem veraldlegir og helgir þættir blandast saman og úr verður það sem venjulega er þekkt sem trúarbragðaferðamennska. Þessi lega á ásnum endurspeglar hina mörgu og breytilegu hvata ferðamannsins þar sem áhugi hans og afþreyingarmöguleikar færast frá ferðamennsku yfir í pílgrímsferðir og svo öfugt og jafnvel án þess að hann verði þess var (Collins-Kreiner og Kliot, 2000, bls. 56-57). Schlehe (1999) bendir réttilega á að talsverður fjöldi pílgríma framkvæmi fyrst þá helgisiði sem ætlast er til að þeir taki þátt í en að því loknu haldi þeir svo í skemmtiferð á ströndina (Olsen og Timothy, 2006, bls. 8).



Mynd 1. Pílgríms - ferðamannaás Collins-Kreiner og Kliot (Smith, 1992).

Smith (1992) segir að þó svo ferðamaður og pílgrími eigi það sameiginlegt að gera sömu grundvallar kröfur til ferðalaga, hafa tíma, peninga og félagslegar aðstæður til ferðarinnar, að þá sé samt sem áður hægt að gera greinarmun á ferðum þeirra. Munurinn liggur þá aðallega í trú viðkomandi og persónulegri upplifun þeirra tengdri ýmissi afþreyingu (Sharpley, 2009, bls. 238). Þó svo að þetta samfellda ferðalag sem að Smith (1992) setti fram auðveldi leiðir til flokkunar á pílgrímsferðum og trúarbragðaferðamennsku þá getur hún ekki falið í sér öll hin fjölbreyttu og flóknu tengsl trúar, hins andlega og pílgrímsferða í nútíma samfélagi (Sharpley, 2009, bls. 244).

Ron (2009) er þó ekki alveg sammála Smith (1992) varðandi það að pílgrímsferðir og ferðamennsku megi finna á sitt hvorum endanum á samfelldu ferðalagi. Hann telur að ferðamennska sé miklu víðtækara hugtak á meðan pílgrímsferðir séu mun smærra hugtak.

Það mætti frekar segja að pílgrímsferðir séu undirtegund innan ferðamenskunnar.

Samkvæmt þessu leggur hann fram líkan þar sem hann greinir á milli tveggja tegunda ferðaafþreyingar, tegund A - pílgrímsferðir og tegund B - aðrar tegundir ferðalaga kristinna manna (Ron, 2009, bls. 290).

Tegund A byggir að mestu leyti á ferðum um hefðbundin svæði og á venjum sem hafa verið til sem kristnar ferðamanna/pílgríms venjur og leiðir í aldir. Það eru þrjár tegundir af helgum stöðum sem pílgrímar ferðast til. Frá einni tegund er sagt frá í Nýja Testamentinu og má þar nefna Landið helga. Svo eru staðir sem tengjast öðrum helgum ritum og segir frá þeim í Gamla Testamentinu og helgir staðir eins og dýrðlingastaðir sem ekki er greint frá í Biblíunni. Tegund B byggir hinsvegar á nýlegum ferðamannavenjum og stöðum. Þessir staðir eru ekki endilega innan kristins helgisvæðis en geta verið staðir sem eru ríkir af byggingalist og annarri list eða staðir sem hýsa kristilegar ráðstefnur (Ron, 2009, bls. 290-291).

5.3 Upplifunin

Ferðamennska byggð á þekkingu er hugtak sem þau Jackowski og Smith (1992) nota sem samnefni yfir trúarbragðaferðamennsku. Samkvæmt Nolan og Nolan (1989) þá tengja þó flestir fræðimenn trúarbragðaferðamennsku við leit einstaklingsins að helgidómum og stöðum þar sem einstaklingurinn getur upplifað ákveðna sögu- og menningarlega samkennd í gegnum trúrækni (Collins-Kreiner og Kliot, 2000, bls. 56-57).

Eðli ferðamannupplifunar hefur hlotið mikla athygli í rannsóknum vísindamanna Turner og Turner (1969, 1978), MacCannell (1973) og Cohen (1979, 1992). Það var MacCannell (1973) sem varð fyrstur til þess að setja fram þá kenningu að það væri leitinn að hinu ekta sem væri táknmynd pílgrímsferða nútímamannsins (Collins-Kreiner og Kliot, 2000, bls. 56).

Til þessa að skilja fjölbreytileika upplifunar ferðamannsins þá setti Cohen (1979) fram þá fullyrðingu að ekki sé hægt að lýsa ferðamanni sem einhverri „dæmigerðri tegund“ ferðamanns og lagði því fram fimm tegundir af upplifun ferðamanna. Þar er mikilvægi upplifunar ferðamannsins byggð á ákveðnum stað og skynjun hans á sambandi hans við kjarna þess staðar (Collins-Kreiner, 2010, bls. 440).

Þessar fimm tegundir upplifunar eru í ákveðnu samhengi, allt frá upplifun ferðamannsins sem ferðamanns í leit af ánægju og til nútíma pílgrímans sem er í leit að upplifun innan miðju ákveðins staðar. Cohen (1979) skilgreinir þessar fimm tegundir sem áherslu á:

- Afþreyingu
- Fjölbreytileika
- Upplifun
- Uppgötvanir
- Tilvist

(Collins-Kreiner, 2010, bls. 447).

Tilvist sem er ein af þessum fimm tegundum sem er dæmigerð fyrir pílgríma og pílgrímsspplifunina. Því vill Cohen (1979) meina að ferðamenn sem ferðist innan tilvistartegundar séu mjög líkir pílgrímum (Collins-Kreiner, 2010, bls. 447).


Því má segja að þessar tegundir upplifana ferðamannsins hjálpi að vissu leyti til við að skilja hvað er líkt og hvað er ólíkt með pílgrímsferðum og öðrum ferðum ferðamanna (Collins-Kreiner og Kliot, 2000, bls. 57).

5.4 Pílgrími eða ferðamaður – Ferðamaður eða pílgrími

Collins-Kreiner og Kliot (2000) framkvæmdu rannsókn sem bar heitið Pilgrimage tourism in the Holy Land: The behavioural characteristics of Christian pilgrims og kom margt forvitnilegt í ljós þar.

Þeir pílgrímar sem tóku þátt í þessari rannsókn voru beðnir um að lýsa sér sem pílgríma, ferðamanni eða bæði. Ef þeim fannst þessar lýsingar ekki eiga við sig voru þeir beðnir um að lýsa sér á annan hátt. Þeir áttu að velja hvaða lýsing ætti við þá, byggt á því hvernig þeir skilgreindu orðin pílgrímur og ferðamaður og ekkert var gert til þess að reyna að hafa áhrif á val þeirra. Þeir sem að voru í forsvari hópsins flokkuðu alla sem pílgríma, en til þess að skilja sambandið á milli pílgríms og ferðamanns var þessi sjálfslýsing mjög mikilvæg. Með þessu var verið að rannsaka hvort að eigin skynjun pílgrímans félli undir þann skilning orðsins.

Þátttakendur höfðu tækifæri til þess að staðsetja sig hvar sem er á skalanum pílagrími – ferðamaður. Hér má svo sjá niðurstöður rannsóknarinnar:



Mynd 2. Skipting sjálfsskynjunar hjá kristnum pílgrímum (Collins-Kreiner og Kliot, 2000:59).

Áhugavert samband kom svo í ljós á milli sjálfsmýndar og félags- og efnahagslegs samhengis þátttakenda. Þeir einstaklingar sem litu á sig sem pílgríma höfðu tilhneigingu til að staðsetja sig í félagslegum lágtekjuhópi á meðan ferðamaðurinn sagði alveg öfugt. Þetta bendir til þess að því betri sem pílgríminn taldi eigin efnahagslega stöðu í samfélaginu því líklegra var að hann flokkaði sig sem ferðamann. Eftir því sem hann taldi stöðu sína verri því líklegra var að hann flokkaði sig sem pílgríma.

Ýmsar spurningar vakna vegna þessara niðurstaðna. Veita þessi svör vísbendingar um raunverulegt sambands á milli félags- og efnahagslega stöðu og þá um það hegðunarmynstur sem er á pílgríms-ferðamannaáásnum eða er þetta bara sjálfsskynjun viðkomandi? Er það virkilega þannig að þeir efnameiri hegða sér sem ferðamenn meðan hinir efnaminni hegða sér sem pílgrímar? Fjölbreytileiki svaranna gefa til kynna hversu erfið aðgreiningin er á milli skilgreininganna pílgrími-ferðamaður og ferðamaður-pílgrími (Collins-Kreiner, 2000, bls. 59).

6. Framtíðarhorfur

Við lifum á upplýsingaöld og hraðinn er mikill í lífi nútímamanns. Pílagrími miðalda hefur tekið miklum stakkaskiptum. Pílagrímsferðir eru enn við líði en hafa þó tekið breytingum. Ferðunum hefur fjölgað og margt orðið til þess að auðvelda þær.

6.1 Breytingar á pílagrímum og pílagrímsferðum.

Um allan heim hefur orðið mikil fjölgun pílagríma og pílagrímsstaða. Pílagrímastaðir koma víða við sögu í kaþólskri trú og má þar nefna Lourdes í Frakklandi og Santiago de Compostela á Spáni en báðir staðir hafa upplifað mikla aukningu á pílagrímsferðum síðan 1990 (Reader, 2007, bls. 211).

Pílagrímsferðir sem eru tengdar elstu trúarhefðum heims eins og kaþólsku og búddisma eru ekki þær einu sem að hafa blómstra. Nýjar tegundir trúarbragða og andlegs menningarheims hafa komið fram á sjónarsviðið. Sem dæmi má nefna að pílagrímsferðir í anda nýaldarhreyfingarinnar hafa orðið mjög vinsælar og einnig helgir staðir sem tengjast þeirri hreyfingu eins og Glastonbury í Englandi og Sedona í Bandaríkjunum. Þangað flykkjast sjálfskipaðir pílagrímar í auknum mæli. Þess má geta að báðir þessir staðir voru mikilvægir á andlegan máta áður en nýaldarhreyfingin varð til. Glastonbury hefur verið, allt frá miðöldum og fram á daginn í dag, kristinn pílagrímsstaður og Sedona var mikilvægur staður fyrir frumbyggja Norður Ameríku (Reader, 2007, bls. 213).

Digance (2006) bendir á að tveir hópar nútíma veraldlegra pílagríma séu til í dag. Þeir sem telja að hefðbundin trúarbrögð uppfylli andlega þörf en að pílagrímsferðin sjálf uppfylli dýpri persónulegri upplifun, svo hinir sem mætti setja undir hatt nýaldarhreyfingarinnar (Digance, 2006, bls. 37).

6.2 Nútíma pílagríminn - Vöxtur nútíma pílagrímsferða

Það má segja að sá þáttur sem hefur auðveldað vöxt pílagrímsferða nútímans séu aukin tækifæri til að ferðast. Framfarir á sviði heilsugæslu og læknávisinda ásamt efnahagslegum framförum hefur gefið fleirum tækifæri til að ferðast og fara í ferðir eins og pílagrímsferðir. Einnig hafa stöðugar framfarir í samgöngumálum orðið til þess að aðgengi að helgum stöðum hefur batnað (Reader, 2007, bls. 216).

Nýjir pílagrímsstaðir eru stöðugt að þróast. Samkvæmt Cusack og Digance (2003) þá hefur staður eins og Ground Zero í New York þróast frá 11. september 2001 í veraldlegt

pílagrímssvæði. Farið er að nota orðið pílagrímsferð í mun víðara og veraldlegra samhengi en áður. Talað er um veraldlegar pílagrímsferðir þegar grafir frægra einstaklinga eða stríðgrafir eru heimsóttar. Alderman (2002), Reader og Walter (1993) taka dæmi um fræga veraldlega pílagrímsferð að gröf Elvis Presley í Memphis í Bandaríkjunum. Coles og Timothy (2004) benda einnig á aðra tegund veraldlegrar ferðamennsku sem tengjast þjóðernishyggju og föðurlandsást ásamt tengslum við þjóðarbrot sem hefur verið kölluð uppruna- eða áttahaferðamennska (e. Diaspora tourism). Þessi tegund ferðamennsku felur í sér að fólk ferðast til þeirrar þjóðar sem það á ættir að rekja til vegna persónulegra eða ættfræðilegra ástæðna. Þetta er mikilvægur þáttur í veraldlegum pílagrímsferðum en andlegi þátturinn skiptir líka miklu máli þar sem fólk leitar eftir tengingu við látna ættingja eða ferðast á svæði þar sem forfeður lifðu og störfuðu (Collins-Kreiner, 2010, bls. 157).

Annar þáttur í vexti nútíma pílagrímsferða er leitinn að þjóðar- og menningarvitund. Hér má segja að alþjóðavæðingin í nútímaheimi geti haft neikvæð áhrif. Alþjóðavæðing hefur aukið skilning manna á öðrum menningarheimum og orðið til þess að fólk ferðast meira, ekki bara á sínum heimahögum. En með aukinni alþjóðavæðingu óttast margir að menningarrof muni eiga sér stað. Þjóðernishyggja og menningarvitund hefur víðast hvar sprottið upp og má segja að það geti unnið gegn alþjóðlegu samfélagi. Stundum verður svona áhugi líka til á fjölþjóðlegu sviði. Sem dæmi um slíkt má nefna rannsókn Frey (1998) á pílagrímmum á vegum Santiago. Hún sýnir að fyrir marga unga Evrópubúa er Evrópa ákveðið sameiningartákn og þeir vilja upplifa sig sem part af heild. Með því að fara pílagrímsferð til Santiago, sem er samofin sögu Evrópu, þá fá þeir tilfinningu fyrir að tilheyra svæðinu. Slík tilfinning getur virkað sem mótvægi á áhyggjur af alþjóðavæðingunni sem tröllríður evrópskum gildum (Reader, 2007, bls. 218).

6.3 Niðurstöður á meginbreytingar í rannsóknum á pílagrímsferðum

Samkvæmt þeim Eickelman og Piscatori (1990) hafa fólksflutningar fengið mikla athygli í rannsóknum en aftur á móti hefur útbreiðsla og þá sérstaklega trúarleg útbreiðsla hlotið minni athygli. Nolan og Nolan (1989) telja hinsvegar að slíkt hafi áhrif á umhverfi okkar og jafnvel meira en margt annað. Þau telja að þetta stafi af fjölda þátttakenda, endurtekingu fyrirbærisins og áhrif þess á fjölda fólks. Pílagrímsferðir eru einmitt mikilvægar í þessu samhengi en umfang þeirra og staðbundin áhrif eru einnig mikil. Til að fá tilfinningu fyrir umfanginu þeirra þá eru samkvæmt Singh (2006) um þrjár til fimm milljónir múslima sem fara árlega í pílagrímsferðir til Mekka, um tuttugu og átta milljónir hindúa fara árlega að

Ganges fljótinu á Indlandi og um fimm milljónir píligríma heimsækja Lourdes í Frakklandi árlega (Collins-Kreiner, 2010, bls. 441).

Það eru nokkrar breytingar eða endurskilgreiningar sem eru mest afgerandi í rannsóknum á píligrímsferðum en það eru eftirfarandi atriði:

- Aðgreining er að víkja.

Kenningar þeirra MacCannel (1973), Cohen (1979) og Smith (1989, 1992) einblíndu á mismunandi tegundir píligríma og ferðamanna þar sem aðgreint var á milli upplifunar á ferðalagi sínu og upplifun þeirra í daglegu lífi. Á síðasta áratugi má þó sjá að tilhneiging hefur verið til minni aðgreiningar og hafa Bilu (1998) og Kong (2001) haldið því fram að sumir rannsakendur telji að munurinn á milli ferðamannsins, píligrímans og jafnvel hinna veraldlegu píligrímsferða sé alltaf að verða minni og minni. Aðrir sem hafa íhugað samband ferðamennsku og hins daglega lífs eins og Urry (2001) halda því fram að þó að munur sé enn þarna á milli þá sé hann ekki eins mikill og haldið hefur verið fram í fyrri kenningum. Gott dæmi um hversu skilin þarna á milli eru að minnka er samblanda af vinnu og ferðamennsku hjá nútímamanninum. Rætur þess má rekja allt aftur til áttunda áratugar síðustu aldar en MacCannell (1973) hélt því fram að ferðamaðurinn væri í leit að einhverju sérstöku, að hann væri í leit að einhverju ekta (Collins-Kreiner, 2010, bls. 443).

Á undanförunum árum hefur umræðan um aðgreiningu aukist og á níunda og tíunda og áratug síðustu aldar bættu fleiri rannsakendur eins og Reader og Walter (1993), Seaton (1999, 2002) og Digance (2003) og fleiri nýrri þekkingu við efnið en hún snéri að veraldlegum stöðum og veraldlegum þáttum í rannsóknum á píligrímsferðum. Staðir, upplifanir og hugtök eins og myrk ferðamennska (e. dark tourism), thanaferðamennska (e. Thanatourism) og nýaldarpíligrímsferðir hafa orðið til þess að umskipti hafa orðið í rannsóknum á upplifunum einstaklingsins.

Soja (1980) telur að með því að leggja enn meiri áherslu á það sem sameinar ferðafólk þá megi líta á helg svæði sem svokölluð þriðju svæði. Hann telur að þannig megi forða vísindamönnum frá einfölduðu hugmyndinni um trúaða ferðamanninum eða orlofsgestinn sem píligríma og ferðamann. Þessi endurskilgreinda hugmyndafræði trúarbragðaferðamennsku, sem að hluta til byggir á þessu þriðja svæði, viðurkennir sjálfstæði þessara tveggja þátttakenda, ferðamannsins og píligrímans og um leið félagslega uppbyggingu staðar sem er á sama tíma helgur og veraldlegur (Collins-Kreiner, 2010, bls. 443).

- Afturhvarf frá aðgreiningu hefur þverfagleg áhrif á rannsóknir á pílgrímsferðum

Samkvæmt Kong (2001) virðist vera margt sameiginlegt með mannfræðirannsóknum og sama má segja um félagsfræði, sögu, trúarbragðarannsóknir og síðast en ekki síst um ferðamennsku og afþreyingu (Collins-Kreiner, 2010, bls. 443).

- Áhersla í rannsóknum á pílgrímsferðum hefur færst frá ytri þáttum á innri upplifun.

Allt fram á áttunda áratuginn einblíndu flestar rannsóknir á pílgrímssvæðin sjálf, einkenni þeirra og merkingu. Eftir áttunda áratuginn má hinsvegar sjá að einstaklingurinn og upplifun hans eru í aðalhlutverki (Collins-Kreiner, 2010, bls. 444).

- Hlutlægni til huglægni

Fyrri rannsóknir lögðu áherslu á að rannsaka af hlutlægni þá upplifun sem pílgrímsferðin veitti. Seinni tíma rannsóknir sýna að upplifunin byggir á ferðamanninum og hvernig hann sér heimsókn sína og upplifun. Afleiðingin er sú að sérhver einstaklingur skynjar upplifun sína á mismunandi vegu og það er ekki nóg að einblína eingöngu á upplifunina útfrá hlutlægni. Nútíma rannsóknir á pílgrímsferðum einblína nú á huglægnihliðina. Sem dæmi um slíkt er rannsókn Poria og fl. (2003, 2004) þar sem vikið er frá hefðbundnum rannsóknaraðferðum sem áður einblíndu á staðinn og menningu sem þar var að finna. Þau halda því fram að héðan í frá ætti að rannsaka upplifun ferðamannsins af staðnum ásamt tilfinningu (Collins-Kreiner, 2010, bls. 444).

- Rannsóknasvið og svæði þurfa að taka til fleiri staða en þeirra sem eru opinberlega viðurkenndir sem helgistaðir trúarbragða

Reader og Walter (1993) segja að vísindamenn hafa undanfarið haldið því fram að aðrir staðir eigi skilið að vera rannsakaðir nánar. Þar eiga þeir við trúarhátíðir, helgistaði, stríðsgrafir, veraldleg hof, íþróttaviðburðir og aðrar upplifanir til viðbótar við helgar byggingar (Collins-Kreiner, 2010, bls. 444-445).

7. Aðferðafræðin

Þrátt fyrir að rannsóknir séu mikilvægar bæði í viðskiptum og fræðilegri starfsemi þá ríkir ekki almenn sátt um hvernig eigi að skilgreina hugtakið rannsókn. Ein af ástæðum þess er sú að fólk skynjar rannsóknir á mismunandi máta. Almenn sátt er þó um hvað rannsókn sé en hún telst markvisst og kerfisbundið ferli athugana og kannana sem leiðir af sér aukna þekkingu (Collis og Hussey, 1997, bls. 3).

Það má með sanni segja að þessi skilgreining á hugtakinu rannsókn eigi vel við hér en ritgerð þessi byggir eingöngu á fyrirliggjandi gögnum (e. secondary data). Það eru gögn sem aðrir hafa safnað með rannsóknum og hægt að finna í bókum, tímaritum og gagnagrunnum (Collis og Hussey, 1997, bls. 73).

Með greiningu á fyrirliggjandi gögnum (e. secondary data analysis) er átt við greiningu á gögnum sem safnað hefur verið saman í ákveðnum tilgangi en þó ekki í sama tilgangi og í upprunalegu rannsókninni (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 40).

Þegar rannsóknir sem byggja á fyrirliggjandi gögnum eru framkvæmdar þá er ekki eingöngu verið að safna saman upplýsingum sem síðan eru settar fram á sama eða svipaðan hátt, heldur er verið að endurvinnna eða endurrannsaka gögnin til þess að fá svör við nýjum rannsóknasurningum.

Hakim (1982) skilgreinir greiningu á fyrirliggjandi gögnum sem ítarlegri greiningu sem felur í sér túlkanir, niðurstöður og þekkingu til viðbótar við þá þekkingu sem fyrir er eða er öðruvísi en þær sem kynntar voru í heild í fyrstu gögnum um viðfangsefnið og í niðurstöðum um það (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 41). Greining á fyrirliggjandi gögnum gerir því kleift að sameina gögn úr ýmsum áttum þannig að hægt sé að búa til stærri og nýtanlegri gagnagrunn en þó þannig að gætt sé upp á að gögnin séu samhæfð þá með það í huga að skilgreiningar séu alltaf eins (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 57).

Möguleikar á að nýta fyrirliggjandi gögn í rannsóknum í ferðamálum eru töluverðir. Hægt er að nota þau til að:

- Rannsaka þróun á einhverju yfir ákveðin tíma.
- Gera fyrir og eftir rannsókn til að kanna áhrif ákveðinna lagasetninga, áhrif nýrra reglugerða eða áhrif ákveðinna viðburða.
- Skoða hvernig sambönd eru á milli ákveðinna atriða
- Kortleggja ákveðin svæði með tilliti til tegundar ferðamennsku

(Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 42)

Kostir rannsókna sem byggja á fyrirliggjandi gögnum eru ýmsir. Hakim (1982) telur að einn aðalkostur slíkra rannsókna sé sá að rannsakandinn neyðist til að hugsa meira um fræðileg markmið og efnisleg atriði rannsóknar fremur en að hugsa um aðferðafræðileg vandamál (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 57).

Aðrir kostir eru til dæmis þeir að fyrirliggjandi gögn ná oft yfir langan tíma sem gerir það að verkum að hægt er að skoða stefnur og strauma yfir lengri tíma. Tímenn er því hægt að nota sem ákveðna breytu í rannsóknum. Dale og fl. (1988) benda á annan minna áberandi kost slíkra rannsókna en hann er sá, að tilviljanir geta spilað stór hlutverk í greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Dale og fl. (1988) benda einnig á að greining á slíkum gögnum veiti tækifæri á því að finna sambönd ákveðinna atriða sem voru algjörlega ófyrirséð þegar gögnum var upphaflega safnað saman (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 58).

Í öllum rannsóknum er afar mikilvægt að rannsóknarefni sé algjörlega fullmótað og að þær bókmenntir og fræðigreinar sem til er um efnið séu skoðaðar. Útgefnar rannsóknir gefa ekki aðeins vísbendingar um hvernig rannsaka eigi viðfangsefnið heldur ættu líka að veita nákvæmar vísbendingar um þá aðferðafræði sem nota á til að endurvinnna rannsóknir, þ.e. draga saman þekkingu, flokka hana upp á nýtt og setja í nýtt samhengi. Áreiðanleiki rannsókna felst í endurtekningu en endurtekning og endurvinnsla er mikilvæg leið til þess að staðfesta eða afsanna hugmyndir sem settar hafa verið fram eða gefnar út í rituðu máli um ákveðið efni. Endurtekningar og endurvinnsla geta einnig verið mikilvægur partur af ritgerðum nemenda og sjálfstæðum rannsóknum þeirra (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 89).

Þegar búið var að ákveða viðfangsefni og rannsóknarspurningar þessarar ritgerðar hófst heimildaöflun. Margar þeirra greina sem notaðar eru í þessari ritgerð eru ritrýndar greinar, fengnar í gegnum Internetið á síðum eins og Leitir.is og Google scholar en þar er gríðarlegt magn af fræðigreinum að finna. Internetið inniheldur mikið magn efnis og eykst það magn mjög hratt. Það er án nokkurs vafa að verða afar mikilvægt tól fyrir rannsakendur þar sem sífellt fleiri samtök og stofnanir veita þar aðgang að upplýsingum sínum (Finn, Elliott-White og Walton, 2000, bls. 55).

Einnig voru trúarlega rit eins og Bilblían notuð sem heimildir. Á bókasafni Hólaskóla voru bækur fengnar að láni sem fjölluðu um ferðamál og trúarbrögð.

Tilgangur heimildaöflunar sem þessarar er að safna saman eins mörgum heimildum um viðfangsefnið til lesturs svo hægt sé að gera ítarlega grein fyrir efninu. Slíkt ferli felur í sér að maður kynnist viðfangsefninu og hugmyndafræðinni á bak við skrif fræðigreina mun betur og auðveldar því skrif á ritgerð á gangrýnni hátt en ella. Eins verður auðveldara að greina það

sem nú þegar er vitað um viðfangsefnið, í þessu tilfelli pílgrímsferðir kristinna manna, og um leið er hægt að bera kennsl á veikleika og galla í fyrirbyggjandi þekkingu (Collis og Hussey, 1997, bls. 91).

8. Niðurstöður

Það er margt sem tengir saman trúarbrögð og ferðamennsku. Til að skilja hvernig þessi tenging er í tengslum við pílgrímsferðir kristinna manna voru hugtökin hér fyrir neðan skoðuð.

8.1 Trúarbragðaferðamennska

Það er ljóst að ferðamennska gegnir mikilvægu hlutverki í lífi nútímamannsins og hægt er að velja úr ótal tegundum ferðamennsku sér til afþreyingar. Margir ferðamenn eru þó ekki beint að leita af afþreyingu heldur einhverju sem skilur eftir sig djúpstæða merkingu, einhverju ekta. Trúarbragðaferðamennska er ein tegund ferðamennsku sem hefur verið til frá örófi alda en oft hefur reynst erfitt að skilgreina hvað hún felur í sér nákvæmlega. Oft er talað um að trúarbragðaferðamennska verði til þegar ferðamennska og pílgrímsferðir mætist á miðri leið. Eins hefur verið sagt að slík ferðamennska feli í sér allar tegundir ferðalaga þar sem hvatinn er ekki trúarlegur en þó sé áfangastaðurinn helgur staður. Margir þættir kristinnar trúar tengjast ferðamennsku sterkum böndum og enn í dag ferðast margir í nafni trúarinnar til að upplifa eitthvað djúpstætt á trúarlegum nótum. Það er hinsvegar svo að trúarbragðaferðamennska felur líka í sér veraldlegri upplifun í dag en áður fyrr. Hún er minna heft af hefðbundnum trúarbrögðum og því hafa orðið til hinar ýmsu tegundir ferðamennsku sem falla undir trúarbragðaferðamennsku eins og andleg-, vellíðunar-, og nýaldarferðamennska. Trúarbragðaferðamennska er stór hluti alþjóðlegrar ferðamennsku og ekkert bendir til þess að vinsældir hennar séu að minnka.

8.2 Pílgrímsferðir

Ferðamennska á rætur sínar að rekja til pílgrímsferða en þær eru ákveðin tegund af trúarbragðaferðamennsku. Pílgrímsferðir kristinna manna er forn ferðasiður og er talið að þær hafi hafist á fjórðu öld eftir Krist. Aðalástæða fyrir pílgrímsferðum var að öðlast sáluhjálp, syndayfirbót eða til þess að fá bót meina sinna. Áfangastaðurinn var yfirleitt helgur staður þar sem kraftarverk eða aðrir helgir atburðir eða siðir höfðu átt sér stað. Leiðin fyrir pílgrímum var oft löng og erfið og jafnvel hættuleg. Margar pílgrímsleiðir voru áberandi á miðöldum en ákveðin hnignun varð á sextánda öld á pílgrímsferðum. Í þessari ritgerð eru

dæmi tekin um tvær pílgrímsleiðir, Santiago de Compostela á Spáni og Veg Ólafs helga í Noregi. Lýsingar á þessum leiðum gefa innsýn í ferð pílgrímans um hvert farið var og útaf hverju þessar leiðir urðu pílgrímsleiðir. Um tíma dróg mjög úr ferðalögum á þessum leiðum en í dag hafa ferðalög þangað verið endurvakin og þangað ferðast fjöldinn allur af ferðamönnum í dag.

8.3 Hinn helgi áfangastaður

Hinn helgi staður er ein af meginforsendum pílgrímsferða en þar á einstaklingurinn að komast í samband við guð. Helgur staður er helgur vegna einhvers sem þar átti sér stað. Heimurinn er orðinn veraldlegri og hugtakið heilagt hefur víkkað töluvert út. Afleiðing þess er að nýjir helgir staðir líta dagsins ljós, staðir sem verða pílgrímsstaðir. Margir ferðamenn ferðast vegna þess að þeir vilja læra meira um sögu og menningu staða og til að skilja betur sín eigin trúarbrögð og önnur. Helgir staðir hafa líka önnur hlutverk, þeir eru oftast en ekki varðveisluaðilar helgigripa og listmuna. Þeir eru mikilvægir vegna byggingalistar og þeir geta verið vettvangur fjölda uppákoma. Helgir staðir eru því oft sviðsettir, merktir og markaðssettir sem menningararfur eða menning sem ber að upplifa. Í ferðamennsku eru einmitt staðir sem hafa að geyma sögulega og trúartengda listmuni taldir til menningarartengds aðdráttarfls. Staðir tengdir trúarbrögðum eru alls staðar í heiminum og þar má finna fjöldan allan af ferðamönnum og staðurinn verður því samtímis helgur staður og ferðamannastaður. Það má segja að hvorki trúaraðilar né ferðamenn eigi fullt tilkall til slíkra staða því þeir verða í raun alltaf bæði trúar- og ferðamannastaðir þar sem bæði trúaðir og allir hinir upplifa eitthvað sem er ólíkt hvert öðru.

8.4 Pílgrími eða ferðamaður

Ferðamaður hefur verið skilgreindur sá er ferðast tímabundið frá heimili sínu á annan stað í minnst 24 klukkustundir en ekki meira en ár. Ferðamennska hefur hinsvegar verið skilgreind sem afþreying háð þremur meginþáttum sem eru tekjur, frítími og félagslegar aðstæður.

Pílgrímsferðir eru einnig háðar nákvæmlega sömu þáttum.

Við tölum oft um tegundir ferðamanna og tengjum þá oft við ferðirnar sem þeir fara í.

Sem dæmi um slíkt er ferðamaðurinn sem ferðast á viðskiptaráðstefnu og er því

viðskiptaferðamaður og sá er ferðast út frá andlegum eða trúarlegum þáttum er þá

trúarbragðaferðamaður. Trúartengd ferðalög hafa aukist verulega og ef þau eru skoðuð í víðu

samhengi og tilbeiðsluhlutanum sleppt, þá innihalda pílgrímsferðir skoðunarferðir, ferðalög og heimsóknir á hina ýmsu staði. Þær innihalda ferðamáta á sjó, lofti og landi og þær stuðla að kaupum á minjagripum en þetta er nánast allt það sem ferðamaðurinn gerir. Hvati ferðalaga pílgríma er andleg eða trúarleg sannfæring en hjá dæmigerðum ferðamanni er hvatinn ánægja, afslöppun og forvitni.

Miklar umræður hafa skapast á milli fræðimanna um hvort að ferðamaður sé pílgrími eða hvort pílgrími sé ferðamaður og hvort að hvatar ferðalaga skipti þarna máli. Eins hefur eðli upplifunar fengið mikla athygli en lagðar hafa verið fram fimm tegundir af upplifun ferðamanna þar sem mikilvægi upplifunar er byggð á ákveðnum stað og upplifun ferðamannsins og skynjun hans á sambandi hans við kjarna þess staðar. Þessar fimm tegundir eru skilgreindar sem áhersla á afþreyingu, fjölbreytileika, upplifun, uppgötvanir og tilvist og eru þær samfelldri heild allt frá upplifun ferðamannsins sem ferðamanns í leit að ánægju og til nútíma pílgrímans í leit að upplifun.

Áhugavert er svo að skoða rannsókn sem Collins-Kreiner og Kliot (2000) gerðu á sjálfskynjun kristinna pílgríma, en þar kom í ljós að því efnameiri sem pílgríminn var því fremur leit hann á sig sem ferðamann en því efnaminni sem hann var því meira leit hann á sig sem pílgríma.

8.5 Framtíðarhorfur

Nútíma pílgríminn býr við mun betri aðstæður en forverar hans. Í dag er nánast hægt að fara í pílgrímsferð með hjálp tækninnar. Sjónvarpið og tölvur gera ferðalagið auðvelt í gegnum skjáinn en upplifunin verður kannski ekki sú sama. Framfarir í samgöngum, heilbrigðis- og efnahagskerfinu gera fleira fólki kleift að fara í pílgrímsferð. Orðið pílgrímsferð er notað í mun veraldlegra samhengi í dag og nýjir veraldlegir pílgrímsstaðir hafa þróast eins og til dæmis Ground Zero í New York. Veraldlegar pílgrímsferðir eins og að gröf Elvis Presley í Memphis í Bandaríkjunum eru líka algengari og eins ferðir þar sem þjóðernishyggja og föðurlandsást eru uppisprettan.

Breytingar hafa ekki eingöngu orðið á pílgrímsferðum heldur hafa einnig orðið miklar breytingar í rannsóknum á þeim. Þær sýna fram á að aðgreining á milli hinna ýmsu þátta er að víkja. Sem dæmi um það er að munurinn á milli ferðamanns, pílgríma og veraldlegra pílgrímsferða er að verða minni og minni. Þetta afturhvarf frá aðgreiningu hefur svo þverfagleg áhrif á rannsóknir. Hlutlægni hefur færst til huglægni, en fyrri rannsóknir einblíndu frekar á þá upplifun sem pílgrímsferð veitti fremur en upplifun einstaklingsins og

hvernig hann sér staðinn sem hann heimsækir. Að síðustu er það svo að rannsóknasvið og svæði þurfa að taka til fleiri staða en þeirra sem eru opinberlega viðurkenndir sem helgistaðir trúarbragða eins og til dæmis stríðsgrafir, íþróttaviðburðir, trúarhátíðir og fleira.

9. Umræður

Pílagrímsstaðir um heim allan, sama hvaða trúarbrögðum þeir tilheyra, sýna merki um aukningu pílagríma. Pílagrímsferðir virðast því blómstra. Markmið þessarar ritgerðar var að skoða pílagrímsferðir kristinna manna og tengsl þeirra við ferðamennsku. Lagt var upp með það í upphafi að svara fjórum spurningum sem gætu varpað ljósi á þessi tengsl. Það er þó ljóst að ekki er hægt að skoða sambandið á milli trúarbragða og ferðamennsku nema hafa skilning á trúarbrögðum. Það er hinsvegar nánast ómögulegt að skilgreina trúarbrögð og því voru hinir ýmsu þættir er snúa að trúarbragðaferðamennsku og pílagrímsferðum skoðaðir til að svara þessum spurningum.

9.1 Hvað er líkt og ólíkt með pílagrímsferðum fortíðar og nútíðar ?

Hér áður fyrr var pílagrímsferðin langt og erfitt ferðalag fyrir pílagrímann. Hann þurfti ósjaldan að leggja á sig mikið harðræði til að komast á hinn helga stað og glíma við hinar ýmsu hættur bæði af völdum manna, sjúkdóma og náttúrunnar. Ólíkt pílagrímsferðum til forna þá þarf nútímamaðurinn ekki að hafa eins mikið fyrir ferðalaginu. Aukin tækifæri til ferðalaga hafa breytt þar miklu um. Framfarir í efnahagsmálum, læknávisindum, tækni- og samgöngumálum hafa auðveldað nútímamanninum að ferðast án mikillar fyrirhafnar og gert aðgengi að pílagrímsstöðum auðveldara. Hér áður fyrr tók pílagrímsferðin langan tíma jafnvel ár en í dag er hægt að komast á áfangastað á nokkrum klukkustundum. Það er jafnvel þannig að pílagrími nútímans þarf ekki einu seinni að ferðast þar sem tækniframfarir gera mannum kleift að ferðast í gegnum fjölmiðla eða jafnvel bara í gegnum tölvuna heima.

Upplifun er ávallt einstaklingsbundin en hér áður var hún meira trúarlegs eðlis og sjálf pílagrímsferðin var upplifun fyrir pílagrímann. Í dag byggir upplifunin algjörlega á hvata og sýn ferðamannsins.

Margar pílagrímsleiðir eins og til dæmis Santiago de Compostela voru háðar efnameiri og veraldlegum ráðamönnum sem efldu pílagrímsleiðina með því að styrkja innviði og efldu um leið þjónustu við pílagrímann. Í raun má segja að þar hafi verið komin vísir að ferðþjónustu því pílagrímar þurftu á þjónustu að halda alveg eins og aðrir ferðamenn. Þá þurfti að hýsa og fæða og það þarf enn í dag. Eins má ætla að efnahagur pílagrímsstaða bæði í fortíð og nútíð hafi styrkst með því að veita pílagrímmum slíka ferðþjónustu.

9.2 Er hinn helgi staður ferðamannastaður?

Vígt heilagt svæði er einmitt ein af forsendum pílgrímsferða. Helgur staður er sá staður þar sem einstaklingur nær samskiptum við guð eða guðlegar verur og hann verður til þar sem skilinn milli þess helga og vanhelga skorðast. Ferðamannastaður er hinsvegar staður þar sem ferðamaðurinn ferðast um og upplifir umhverfið og segir svo öðrum frá þeirri reynslu.

Helgur staður sem býr yfir menningu og listum getur líka verið ferðamannastaður. Margir helgir staðir hafa verið markaðsettir sem menningararfur, en þeir varðveita oft sögulegar minjar, byggingalist og dýrðgripi og þess vegna eru þeir heimsóttir af alls kyns ferðamönnum. Ferðamenn jafnt sem pílgrímar heimsækja helga staði þó að þeir séu ekki að leita eftir sömu upplifun. Ferðamannastaður hefur upp á alls kyns afþreyingu að bjóða fyrir ferðamenn en helgur staður gerir það líka. Sem dæmi um það er pílgrímsleiðin Santiago de Compostela, en hinn trúaði fer þangað í nafni trúarinnar á meðan ferðamaðurinn fer leiðina sér til afþreyingar jafnvel á hjóli eða gangandi. Á trúartengdum stöðum, sem fjöldi ferðamanna heimsækir, má segja að sé samtímis sé um helgan stað og ferðamannastað að ræða og því er þessari spurningunni er helgur staður ferðamannastaður svarað játandi.

9.3 Er tilgangur pílgrímsferða sá sami í fortíð og nútíð?

Hér áður fyrr var tilgangur pílgrímsferða meira trúarlegs eðlis og sjálf ferðin veitti pílgrímanum ákveðna upplifun. Fólk lagði land undir fót til helgistaða, en slíkir staðir voru ákveðin milligönguliður á milli pílgrímans og guðs. Ferðin var farin í þeim tilgangi að efla trúna en líka til að fá yfirbót synda eða lækningu meina. Tilgangur pílgrímsferða í dag er mun fjölbreytilegri enda hefur hugtakið pílgrímsferð víkkað út og er orðið mun veraldlegra. Margir fara í pílgrímsferð í þeim tilgangi að öðlast sömu trúarupplifun og pílgrímar fortíðar. Enn aðrir fara í slíka ferð til að kynnast söguslóðum kristinnar og menningararfi og svo spilar leitinn að þjóðar- og menningarvitund einstaklingsins stóran part í pílgrímsferðum nútímans. Það má því segja að tilgangur pílgrímsferða sé að hluta til sá sami í nútíð og fortíð, hann er bara mun fjölbreyttari í dag.

9.4 Er píligrími ferðamaður eða er ferðamaður píligrími?

Eftir að hafa lesið heimildagreinar þessarar ritgerðar er ljóst að svarið við þessari spurningu er alls ekki einfalt. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá ýmislegt sem er sameiginlegt með píligríma og ferðamanni.

	Píligrími	Ferðamaður
Ferðast frá heimili í að minnsta kosti 24 tíma	x	x
Nýta sér ferðaþjónustu og afþreyingu á áfangastað	x	x
Ferðast í leit af einhvers konar upplifun	x	x
Hvati ferðar er andleg eða trúarleg sannfæring	x	
Hvati ferða er afslöppun, forvitni, ánægja		x
Fara í skoðunarferðir	x	x
Kaupa minjagrip	x	x
Ferðast til helgra staða sem tengjast menningararfi	x	x

Tafla 1. Hvað er sameiginlegt með píligríma og ferðamanni.

Augljóst er að píligrími og ferðamaður eiga mjög margt sameiginlegt. Píligríminn á nánast allt sameiginlegt með ferðamanni nema hvata ferðar sem er alltaf trúarlegur hjá píligríma en ekki hjá ferðamanni. Reyndar getur hvati píligrímsferða verið forvitni og ánægja en kannski ekki afslöppun. Út frá þessu mætti því kalla píligrímann ferðamann. Hvort að ferðamaður sé píligrími er erfiðara að svara. Hægt væri að svara því játandi í ljósi þess hve margir áfangastaðir tengjast trúnni en eins væri hægt að segja nei þar sem trúariðkun liggur ekki að baki ferðalagsins. Margir ferðamenn sem ferðast til helgra staða gera það sama og píligrímar fyrir utan tilbeiðsluhlutann. Upplifun spilar stórt hlutverk í ferðalögum allra. Upplifun er einstaklingsbundin og því er það kannski einstaklingsbundið hvort að ferðamaður sé píligrími, það fer algjörlega eftir því hvernig sýn viðkomandi á upplifunina er.

10. Lokaorð

Trúarbragðaferðamennska er eitt elsta form ferðamennsku. Sagan sýnir að hvati trúarlegra ferða er mjög sterkur. Ljóst er þó að breyting hefur orðið á slíkum ferðum, trúarbrögð eru ekki endilega tilgangurinn með ferðalaginu heldur er það oft forvitni gagnvart sögu og menningu og svo leit mannsins af uppruna sínum. Helgir staðir eru ekki bara helgir heldur eru þeir ferðamannastaðir og þeir eru oft varðveisluaðili ýmissa listgripa sem er hluti af menningararfi okkar. Hugtakið pílgrímsferð hefur víkkað út og er mun veraldlegra. Fleiri veraldlegir staðir flokkast undir pílgrímsstaði sem gerir það að verkum að fleira fólk fer í pílgrímsferð. Upplifun er einstaklingsbundin og verður til útfrá sýn ferðamannsins. Eitt er víst að pílgrímsferðir hafa fylgt mannum um óratíma og ekkert bendir til að þeim sé að ljúka. Pílgrímsferðir eru komnar til þess að vera.

11. Heimildaskrá

Belhassen, Y., Caton, K., Stewart, W. (2008). The search for authenticity in the pilgrim experience. *Annals of Tourism Research*, 35(3), 668-689.

Biblían. (1973). Reykjavík. Hið íslenska Biblíufélag.

Bjørddal, Ø. (2000). Introduction. Í Hardeberg, B. & Bjørddal, Ø. (ritstj.), *Pilgrimage to Nidaros* (bls. 5-8). Trondheim: Church of Norway – Liturgical centre in collaboration with Centro Ricerche Socio Religiose, Padova, Italy

Bremer, T. (2006). Sacred spaces and tourist places. Í Timothy, D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 25-35). Oxon: Routledge.

Cohen, E. (2006). Religious tourism as an educational experience. Í Timothy, D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 78-89). Oxon: Routledge.

Collins-Kreiner, N., Kliot, N. (2000). Pilgrimage tourism in the Holy Land: The behavioural characteristics of Christian pilgrims. *GeoJournal*, 50, 55-67.

Collins-Kreiner, N. (2010). Geographers and Pilgrimages: Changing concepts in pilgrimage tourism research. *Tijdschrift voor economische en sociale geografie*, 101(4), 437-448.

Collins-Kreiner, N. (2010). Researching Pilgrimage: Continuity and Transformations. *Annals of Tourism Research*, 37(2), 440-456.

Collins-Kreiner, N. (2010). The geography of pilgrimage and tourism: Transformations and implications for applied geography. *Applied Geography*, 30, 153-164.

- Collis, J., Hussey, R. (1997). *Business Research. A Practical Guide For Undergraduate & Postgraduate Students*. Palgrave Macmillan : London
- Digance, J. (2003). Pilgrimage at contested sites. *Annals of Tourism Research*, 30(1), 143-159
- Digance, J. (2006). Religious and secular pilgrimage: journeys redolent with meaning. Í Timothy, D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 36-47). Oxon: Routledge.
- Finn, M., Elliott-White, M. og Walton, M. (2000). *Tourism & Leisure Research Methods. Data Collection, Analysis, and Interpretation*. Pearson Education Limited : Essex.
- Fleischer, A. (2000). The tourist behind the pilgrim in the Holy Land. *Hospitality Management*, 19, 311-326.
- Gesler, W. (1996). Lourdes: healing in a place of pilgrimage. *Health & Place*, 2(2), 95-105.
- Hall, C.M. (2006). Travel and journeying on the Sea of Faith: perspectives from religious humanism. Í Timothy, D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 64-75). Oxon: Routledge.
- Haq, F., Wong, H., Jackson, J. (2008). Applying Ansoff's growth strategy matrix to Consumer Segments and Typologies in Spiritual Tourism. *Paper presented at the Eight International Business Research Conference, 27-28 March 2008*. Melbourne : World Business Institute, Australia.
- Hardeberg, B., Lånke, B., Nome, T. (2000). Linking the past and the present. Í Hardeberg, B. & Bjørdal, Ø. (ritstj.), *Pilgrimage to Nidaros* (bls. 9-19). Trondheim: Church of Norway – Liturgical centre in collaboration with Centro Ricerche Socio Religiose, Padova, Italy

- Herrero, N. (2008). Reaching Land's End: new social practices in the pilgrimage to Santiago de Compostela. *International Journal of Iberian Studies*, 21(2), 131-149.
- Houlihan, M. (2000). Souvenirs with Soul: 800 Years of Pilgrimage to Santiago de Compostela. Í Hitchcock, M & Teague, K. (ritstj.), *Souvenirs: The Material Culture of Tourism* (bls. 18-24). Aldershot: Ashgate Publishing Ltd.
- Kaelber, L. (2006). Paradigms of travel: from medieval pilgrimage to the postmodern virtual tour. Í Timothy, D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 49-59). Oxon: Routledge.
- Kollandsrud, M. (1998). Saint Olav Of Norway: Reviving Pilgrim Ways to Trondheim. Í Fladmark, J.M. (ritstj.), *In Search of Heritage as Pilgrim or Tourist* (bls 7-101). Shaftesbury: Donhead Publishing Ltd.
- Murray, M., Graham, B. (1997). Exploring the dialectics of route-based tourism: the Camino de Santiago. *Tourism Management*, 18(8), 513-524.
- Nome, T. (2000). Pilgrimage Theology – A Theology For The Church Of Norway. Í Hardeberg, B. & Bjørdal, Ø. (ritstj.), *Pilgrimage to Nidaros* (bls. 163-201). Trondheim: Church of Norway – Liturgical centre in collaboration with Centro Ricerche Socio Religiose, Padova, Italy
- Olsen, D., Timothy, D. (2006). Tourism and religious journeys. Í Timothy, D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 1-15). Oxon: Routledge.
- Olsen, D. (2010). Pilgrims, Tourists And Max Weber's „Ideal Types“. *Annals of Tourism Research*, 37(3), 848-851
- Poria, Y., Butler, R., Airey, D. (2003). Tourism, Religion and Religiosity: A Holy Mess. *Current Issues in Tourism*, 6(4), 340-363.

Reader, I. (2007). Pilgrimage growth in the modern world: Meanings and implications.

Religion, 37, 210-229.

Ron, A. (2009). Towards a typological model of contemporary Christian travel. *Journal of*

Heritage Tourism, 4(4), 287-297.

Sharpley, R. (2009). Tourism, Religion and Spirituality. Í Jamal, T. & Robinson, M. (ritstj.),

The Sage Handbook of Tourism Studies (bls 237-253). London: SAGE Publications Ltd.

Timothy, D., Boyd, S. (2003). *Heritage Tourism*. Pearson Education Ltd : Essex.

Vukonić, B. (2006). Sacred places and tourism in the Roman Catholic tradition. Í Timothy,

D. & Olsen, D. (ritstj.), *Tourism, Religion and Spiritual Journeys* (bls. 237-253).

Oxon: Routledge.